

Fotablaði



Völsungis



2013

Frá ritsjóra

Jólablað Völsungs er ein mikilvægasta heimild félagsins um starfið sem hér er unnið. Fyrir mörgum er það ómissandi að fá jólablað Völsungs inn um bréfalúguna þegar að líða tekur að jólum. Blaðið er einnig gefið út rafrænt sem á að tryggja það að blaðið nái til fleiri lesanda út um víða veröld.

Völsungur er fjölgreinafélag sem býður uppá fjölbreytt starf eins og þetta blað sýnir svo vel. Jólakveðjur frá stórum og smáum fyrirtækjum endurspeglar líka þann stuðning sem að félagið hefur úr samfélaginu. Ekki má gleyma sveitarfélaginu Norðurþingi sem styður við félagið með aðstöðu, fjárveitingu og góðum ráðum.

Efnisöflun hefur gengið vel þetta árið og eiga formenn deilda og allir þeir sem hafa komið að útgáfu blaðsins hrós skilið fyrir sitt framlag. Sérstakar þakkir fá Haffi, Brandur og aðrir sem hafa lagt til myndir fyrir blaðið. Uppbygging blaðsins er nokkuð hefðbundin. Deildir félagsins gera stuttlega grein fyrir sínu starfi í máli og myndum í bland við innsendar greinar. Einnig verða gömul myndaalbúm opnuð til að gægjast inni fortíðina og rifja upp gamla tíma.

Þegar horft er yfir heilt ár er af mörgu að taka. Erfitt er að fara yfir alla atburði íþróttaársins

í einu blaði þannig að ekkert verði útundan. Blaðið á þó að draga saman það helsta sem fram fór á árinu 2013. Sem ritstjóri blaðsins vonast ég til að lesningin sé skemmtileg og gagnleg enda hefur mikil vinna verið lögð í að velja efni og myndir sem glæða blaðið lífi. Eftir liggur glæsilegt og eigulegt blað um eitt ár til viðbótar í sögu Völsungs.

Þakkir fyrir samstarfið á liðnu ári og óskir um gleðileg jól
Kjartan Páll Þórarinnsson



Sendi öllum bestu jóla- og nýárskveðjur, sérstaklega liðinu fyrir neðan bakkann.



Doddi Ásgeirs ehf.

Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Óskum
viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin á árinu.



Sundlaugin á Húsavík

OPNUNARTÍMI UM JÓL OG ÁRAMÓT. 2013-2014

AÐFANGADAGUR 24.12
KL. 10.00-13.00

JÓLADAGUR 25.12. LOKAÐ

ANNAR Í JÓLUM 26.12 KL. 10.00-13.00

GAMLÁRSDAGUR 31.12 KL. 10.00-15.00

NÝÁRSDAGUR. 01.01 2014. LOKAÐ

**Aðra daga er opnunartími
eins og venjulega.**

**Seinni tímamörk tákna þann tíma er
gestir skulu hafa yfirgefið bygginguna.**

ÁRAMÓTABRENNNA

OG FLUGELDASÝNING

KVEIKT VERÐUR Í
ÁRAMÓTABÁLKESTI BÆJARINS
KL. 16:45 ÞANN 31. DESEMBER.

KIWANISKLÚBBURINN VERÐUR MED
FLUGELDASÝNINGU Í BODI NORÐURÞINGIS
VÖLSUNGAR SJÁ UM AÐ TENDRA ELDINN.

KOMUM SAMAN OG KVEÐJUM ÁRIÐ 2013
OG FÖGNUM ÞVI NÝJA.

MUNID AÐ KOMA HVORKI MED FLUGELDA NÉ
BLYS AÐ BRENNUNNI, LÁTUM FAGMENNINA HJÁ
KIWANIS SJÁ UM ÞÁ HLUTI.



NORÐURÞING

Ávarp formanns

Við getum og eigum að vera stolt af félaginu okkar Völsungi sem er fjölgreinafélag með níu deildum og á að vera sameiningartákn okkar Húsvíkinga sem býður upp á öflugt íþrótt- og félagsstarf fyrir íbúana. Við bjóðum upp á frábæra aðstöðu, eigum marga bakhjarla, fyrirtæki og einstaklinga ásamt bæjarfélaginu sem styðja við félagið á fjölbreyttan hátt.

Þess vegna er það skylda okkar sem stýrum félaginu að vinna vel og dyggilega að því að efla félagið með öllum þeim ráðum sem við getum. Við þurfum að efla samstarf milli deilda og þjálfara, það er mjög mikilvægt að við reynum að hafa þær leiðir og markmið sem við vinnum eftir eins skýr og kostur er. Þess vegna er unnið að því að gera félagið að fyrirmyndarfélagi, þar sem tekið er á öllum hliðum starfseminnar, íþróttalega, félagslega og ekki síst fjárhagslega.

Stjórn félagsins er sannfærð um að með þessu skilum við enn betra félagi, þar sem allir ganga í sömu átt að því markmiði að bæta starfsemi félagsins. Þannig teljum við að fleiri séu tilbúnir að leggja á sig vinnu fyrir félagið.

Á undanförunum árum hafa fleiri og fleiri félög fetað þetta skref og reynsla þeirra er að félögin hafa orðið öflugri á flestum sviðum starfseminnar. Það er því mikilvægt að okkur takist vel til og að félagið verði öflugra til að takast á við þau verkefni sem því er ætlað.

Eitt af því sem að við þurfum að bæta er félagsandinn og starfið innan félagsins. Þessi þáttur kom sterkt fram á stefnumótunarfundi um framtíðarsýn Völsungs sem haldinn var í september.

Deildir félagsins þurfa að standa fyrir enn öflugra félagsstarfi með iðkendum, foreldrum, þjálfurum og stjórnarmönnum. Því er mikilvægt að festa inn í áætlanir deilda að boðið verði upp á einn viðburð að hausti og annan að vori, þar sem áhersla verður á samveru og viðburði sem efla samvinnu og samskipti. Einnig þarf aðalstjórn að taka sig á hvað þetta varðar og verður það okkar fyrsta verkefni á árinu 2014 að boða eldri félaga okkar til kaffisamsætis til að ræða málin og kynna þeim starfsemi okkar í dag.

Það er stórt og mikið verkefni að reka íþróttafélag, í því felast tækifæri bæði þegar vel gengur á vellinum og ekki síður þegar illa gengur og vindurinn er í fangið. Allir þeir sem starfa og hafa starfað fyrir Völsung, sem þjálfarar, stjórnarmenn, foreldrar og sjálfbóðaliðar eiga hrós skilið fyrir frábært starf á árinu. Við erum lítið samfélag og stórhuga hvað varðar íþróttir sem hefur skilað okkur mörgum afreksmönnum. Það á ætíð að vera markmið Völsungs að veita börnum og unglíngum tækifæri til að njóta hæfileika sinna í fjölbreyttu starfi innan félagsins.

Þetta er langhlaup sem reynir á þolinmæðina, með þrautseigju og samvinnu að vopni eru okkur allir vegir færir.

Ég vil að lokum þakka öllum þeim sem hafa unnið fyrir Völsung á árinu, þjálfurum, foreldrum, stjórnnum deilda, foreldraráðum og sjálfbóðaliðum fyrir þeirra störf fyrir félagið. Öllum styrktaraðilum eru færðar þakkir fyrir þeirra framlag og góðan stuðning. Sveitarfélaginu eru færðar sérstakar þakkir. Aðalstjórn Völsungs og Kjartani Páli framkvæmdarstjóra þakka ég fyrir ómetanlega vinnu og samstarf á árinu.

Ég óska öllum Völsungum og Þingeyingum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári með þakklæti fyrir liðið ár.



Guðrún Kristinsdóttir.

Guðrún Kristinsdóttir



Þekkingarsetrið á Hafnarstétt
óskar Þingeyingum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.



Þekkingarnet
Þingeyinga



HNE



Náttúrustofa
Norðausturlands



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Óskum Völsungum
og Húsvíkingum öllum
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári
með þökk fyrir árið sem er að líða



Trésmiðjan Rein ehf



Óskum starfsfólki okkar, fjölskyldum
og Þingeyingum öllum

gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum árið sem er að líða.



GPG
SEAFOOD

Íþróttta- og æskulýðsstarf

Hugleiðing - Þakkir til sjálfbóðaliðans!

Undangengin ár hafa fjölmargar kannanir leitt í ljós mikilvægi skipulagðs félags-, æskulýðs- og tómstundastarfs meðal barna og unglinga. Íþróttta- og tómstundafélögin skipa veigamikil hlutverk í því samhengi og þakka þessu starfi sem fer fram á vegum þeirra. Rannsóknir hafa jafnframt leitt líkum að því að hægt sé að auka líkur á góðri líðan með hreyfingu og skipulögðu starfi.

Í skýrslu Rannsóknar og greiningar, Ungt fólk 2013, kemur fram mikilvægi þess að börn og unglingar taki þátt í skipulögðu starfi. Í skýrslunni segir m.a. „...að íþróttaiðkun og almenn hreyfing draga úr líkum á frávikshegðun og auka líkur á góðri líðan, bæði andlegri og líkamlegri. Þannig eru börn og unglingar sem taka þátt í skipulögðu starfi líklegri til að neyta hollrar fæðu, þeim líður betur andlega en öðrum ungmönnum og eru ólíklegri til að reykja, neyta áfengis og annarra vímuefna. Þá hefur komið í ljós að íþróttaiðkun eykur líkur á góðum námsárangri“. (Rannsóknir og greining, Ungt fólk 2013, bls. 25)

Það er gríðarlega óeigingjarnt og ómetanlegt það sjálfbóðaliðastarf sem margir einstaklingar leggja á sig með störfum fyrir íþróttta- og félagasamtök. Þetta er fólk sem starfar í stjórnun, ráðum, á leikjum, á mótum og við mörg önnur verkefni sem koma til. Þetta góða fólk getur borið höfuðið hátt og verið stolt af sér. Það leggur svo sannarlega af mörkum til samfélagsins með þessu starfi. Sjálfbóðaliðastarfið má alls ekki vanmeta. Við megum ekki gleyma því að íþróttta- og félagsstarf er ætlað að vera til uppbyggingar og farsældar í samfélaginu og það er svo miklu skemmtilegra að taka þátt með jákvæðu hugarfari. Það skilar sér alltaf til þeirra sem eru þátttakendur hvort heldur sem er í leik eða starfi.

Því miður virðist sem svo að oft á tíðum sé erfitt að fá fólk til sjálfbóðaliðastarfa og stundum vandkvæðum bundið að manna ráð og stjórnir félagasamtaka. Erfitt er að henda reiður á hvað veldur en ljóst að eggja þarf fólk til meiri þátttöku í þessu mikilvæga starfi sem snýr að stjórnun og aðkomu að frjálsri félagastarfsemi.

Þegar jólin nálgast viljum við að allir hafi það gott og líði vel, bæði líkamlega og andlega. Við viljum að ekkert skyggi á þessa miklu og fallegu hátíð sem við höldum sameiginlega. Flest erum við óskaplega íhaldsöm á jölunum, höldum fast í síði og venjur. Þetta á einnig við um ýmislegt sem snýr að nærumhverfi okkar. Mörg okkar vilja halda í það „gamla og góða“ en ljóst er að tímarnir breytast og mennirnir með.

Tölvun og veraldarvefurinn tekur orðið töluverðan tíma fólks og ljóst að samskipti fara orðið mikið í gegnum vefmiðlana. Tölvun er gagnleg og góð á margan hátt en hún kemur ekki í staðinn fyrir „góð mannleg samskipti“. Tölvu- og netfíkn ber að gefa gaum að og ljóst að við stefnum æ meira inn í heim tölvunar er snýr að þátttöku í daglegum samskiptum. Við munum ólíklega stoppa þessa þróun en mikilvægt er að við tökum þátt í að móta hana og forma. Mikilvægi æskulýðs- og tómstundafélaga er mikið í því samhengi. Nauðsynlegt er að gott framboð sé á afþreyingu fyrir ungt fólk og boðið upp á tilboð sem fullnægir iðkendum og lokkar inn í starfið. Til að halda úti því góða starfi sem félögin bjóða upp á þurfum við sjálfbóðaliðana og áhugafólkið.

Mikilvægt er að hrósa því duglega fólki sem gefur tíma sinn í það að taka þátt og hlúa að sjálfbóðaliðastarfinu. Höfum jákvæðnina að leiðarljósi er við tökum fram gagnrýnispennann og hvetjum fólk til góðra verka.

Minumst þess að orð eru til alls fyrst.

Hafið þökk fyrir ágætu sjálfbóðaliðar!

Bestu óskir um gleðilega jólahátíð og gæfuríkt nýtt ár.

Jóhann Rúnar Pálsson

Tómstunda- og æskulýðsfulltrúi Norðurbþings



Óskum Húsvíkingum og nærsveitungum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

STEINSTEYPIR

Óskum Húsvíkingum og Þingeyingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu.

GARDARSHÓLMÍ
SÍMI 464 2325



Óskum Húsvíkingum og nærsveitungum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

CH Þökkunarfélag ehf.



Óskum Þingeyingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum samskiptin á árinu sem er að líða.



Óskum Húsvíkingum og Þingeyingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.



Óskum gestum okkar og öðrum Húsvíkingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrir samskiptin á árinu.



Jólahugvekja sóknarprests

Hver hefur ekki þráð að eiga sér óskastund undir regnboga? Um daginn sáust tveir fallegir samsíða regnbogar á Húsavík á sömu stundu í vikunni fyrir aðventu. Að sögn náðu þeir frá fjöru til fjalls. Aðrir höfðu aðra sögu að segja af regnbogunum. En vafalaust hefur þessi spurning leitað á huga flestra sem litu regnbogana augum. Hversu hratt sem við förum þá náum við aldrei að staðnæmast undir regnboganum. Það finnst okkur alla vega. Ég tel reyndar að við stöndum oft en ekki undir regnboga frá öðrum séð í fjarlægð sem virða fyrir sér regnboga sem hvelfist yfir Húsavík. Regnboginn er ljósfræðilegt og veðurfræðilegt fyrirbæri sem orsakast þegar litróf birtist á himninum á meðan sólin skín á vætu í andrúmslofti jarðar. Litróf ljóssins birtist í regnboganum. Gulur, rauður, grænn og blár. Regnboginn er ták fyrir sáttmála milli Guðs og manna. Hann er líka kallaður friðarbogi. Á sínum tíma þráðu mennirnir frið að loknu Nóaflóðinu. Þeim varð að ósk sinni þegar friðarboginn birtist.

Hvaða duldu þrár og óskir búa með okkur í aðdraganda jóla? Við látum þessar óskir okkar í ljós með því að skreyta hýbýli okkar og fyrirtæki með marglitum ljósum, litrófi ljóssins. Að öllum líkindum eru óskirnar af ýmsum toga.

Á jólnum óskum við öllum friðar. En það er heilladrjúgt að líta fyrst í eigin barm að þessu leyti því að ef við finnum ekki frið í hjörtum okkar er vonlaust að leita hans annars staðar. Þetta vissu fjárhirðarnir forðum sem undu sér ekki hvíldar og friðar fyrr en þeir fundu lausnara sinn sem hvíldi í dýrastalli lágum í þessu undurfallega barni sem fékk nafnið Jesús sem merkir: „Sá sem hjálpar“ Jesúbarnið knúði dyra og þeir veittu því viðtöku ásamt vitringunum og þeim sem sáu dýrð þess þegar það óx að visku og náð frammi fyrir Guði og mönnum. Litróf ljóssins birtist í þessu barni sem sagðist síðar vera ljós heimsins. Guð gerðist maður til þess að sýna okkur samstöðu í blíðu og stríðu.

Veist þú hvað til þíns friðar heyrir? Það er notalegt að eiga kyrrðarstund frammi fyrir logandi kertaljósi sem lýsir og vermir á hátíð ljóss og friðar sem og aðra rúmhelga daga. Og hafa yfir þetta vers sem þú kannt svo vel:

„Láttu nú ljósið þitt, loga við rúmið mitt, hafðu þar sess og sæti, signaði Jesú mæti.“

Megir þú eiga margar dýrlegar óskastundir með Jesúbarninu sem hvílir friðsælt í jötu sinni á jólum.

Þér gjöri eg ei rúm með grjót né tré,

gjarnan læt ég hitt í té,

vil ég mitt hjartað vaggan sé,

vertu nú hér, minn kæri.

Með vísnaðing ég vögguna þína hræri.

(Einar Sigurðsson)

Gleðileg jól

Sr. Sighvatur Karlsson



Gleðileg jól

og farsælt komandi ár.

Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
Megi framtíðin vera björt.
Þökkum liðnu árin.



orkusalan

Yngri flokkar í knattspyrnu

Barna og unglingaráð.

Líkt og í fyrra þá vorum við með tækninámskeið, þrjár vikur fyrir jóla og þrjár vikur eftir jóla, og voru krakkarnir ótrúlega duglegir að mæta, en tímarnir voru tvo daga vikunnar kl.06:45.

Við vorum með átta vikna námskeið fyrir 8.flokk, krakka sem fæddir eru 2008 og 2009. Sá flokkur tók einnig þátt í í hinu árlega Kiwanismóti.

Reglulegar æfingar hófust svo í október og er gríðarlega gaman að sjá hvað svona ung börn eru dugleg að mæta.

Í haust tók Guðni Bragason að sér að vera með markmannsæfingar nokkrum sinnum í viku og er mikil ánægja með það.

Einnig voru öll dómaramál í okkar höndum og er mjög ánægjulegt að sjá hvað heimafólk er duglegt að taka að sér dómgæslu.

Nokkrar breytingar urðu á ráðinu nýlega. Danni sem var tengiliður yngri flokka þjálfara fór úr ráðinu þar sem að hann tók að sér þjálfun hjá meistaraflokki kvenna. Í stað Danna kom Harpa Ásgeirs í ráðið og einnig bætist Elín Pálmadóttir við í ráðið. Að sjálfsgöðu viljum við þakka honum Danna fyrir allt sem hann gerði fyrir ráðið og óskum honum alls hins besta í nýju starfi, um leið og við bjóðum þær Hörpu og Elínu velkomna til starfa.

Að lokum viljum við í ráðinu óska öllum þjálfurum, iðkendum sem og öllum þingeyingum, gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Barna og unglingaráð er þannig skipað:

Erna Björnsdóttir.

Elín Pálmadóttir.

Harpa Ásgeirsdóttir.

Hreiðar Másson.

Sóley Sigurðardóttir.

Ómetanlegur aðstoðamaður: Kjartan Páll Þórarinsson.

**F.h. Barna og unglingaráðs.
Hreiðar Másson.**

3. flokkur karla

Ég fékk þann heiður að þjálfa 3.fl.kk. tímabilið 2013. Vorið var nú svona hefðbundið farið á tvö mót, Greifamótið á Akureyri og Fjarðarálsmótið á Reyðarfirði og gengu þau bæði nokkuð vel og strákarnir með eindæmum „lifandi“ jafnt innan sem utan vallar! Íslandsmótið hófst svo í lok maí og með okkur í C-riðli voru Þór Ak., Valur, Fjarðarbyggð, ÍR og sameiginlegt lið Reynis S., Njarðvíkur og Víðis Garði. Valur vann riðilinn en tvö jafntefli okkar á heimavelli við Þór og Fjarðarbyggð gerðu út um vonir okkar að fylgja Val upp í B-riðilinn næsta sumar, en engu að síður mjög góður fótbolti hjá strákunum oft á tíðum. Í bikarkeppni N/A. Spiluðum við gegn Þór Ak. heima og heiman í undanúrslitum og enduðu báðir leikirnir með jafntefli en við urðum að jata okkur sigraða á útivallarmarkum og fór því Þór í úrslitaleikinn við KA, hundfúlt!! Ferðin með strákunum og stelpunum á „Norway-cup“ sl. sumar var stórkostleg í alla staði og hér koma atvik sem erfitt er að gleyma,“ seinkun á fluginu, maturinn, húsvörðurinn, pizzaveislurnar, tívolígarðurinn (við Biggi erum klárir aftur!!), þið í „Oslo S“ að versla fót,,, Gústi og Óskar að tynast, ferðin á ströndina, flugnabitin, Ekebergsléttan, allt fólk, leikirnir, töpin, sigarnir sem voru glæsilegir og síðasti leikur ferðarinnar í úrhellis rigningunni á móti strákunum frá Kongó eitthvað sem menn gleyma seint. Frábær ferð með snilldar krökkum, góðum farastjórum og aðdáendum sem fylgdu hópnum alla leið frá Húsavík. Þegar heim kom var þeim Ásgeir Kristján og Arnari Skarp boðið í æfingabúðir KSÍ á Laugarvatni fyrir drengi fædda 1998 og einnig var Sæþór Olgeirs boðaður til æfinga fyrir U-17 landsliðið nýverið, flottir fulltrúar Völsungs þarna á fer. Svona í lokin vil ég þakka foreldrum fyrir samstarfið sem vara bara heilt yfir ágætt.



**Jólaþveðja,
Róbert Ragnar Skarphéðinsson.**

3. flokkur kvenna

Það voru 12 stelpur sem æfðu í þriðja flokki í sumar með eitt lið í 11 manna bolta. Eins og gefur að skilja þá voru það ekki nógu margar stelpur til að spila alla leiki og þurftum við því að treysta mikið á öflugar stelpur sem hjálpuðu okkur mikið úr fjórða flokki. Sumarið gekk upp og niður en þær spiluðu 14 leiki bæði í deild og bikar og hefðu úrslitin stundum mátt falla á betri veg heldur en raunin varð. Stelpurnar enduðu í 10. sæti í sínum riðli og má með sanni segja að þær eigi töluvert inni miðað við hvað þær sýndu á köflum í sumar. Þó Íslandsmótið hafi kannski ekki verið eintóm hamingja þá er óhætt að segja að þær hafi staðið sig með sóma þegar við skruppum til Noregs á Norway-cup. Þar sýndu þær vel hvað þær geta í fótboltanum og komu held ég sjálfum sér svolítið á óvart þarna úti. Stelpurnar komust alla leið í 8-liða úrslit en þurftu þar að lúta í lægra hald, þær unnu 3 leiki, gerðu 1 jafntefli og töpuðu einum leik og mega vera stoltar af sjálfum sér fyrir það!

Þó Íslandsmótið hafi ekki farið eins og margir vonuðu þá held ég að heilt yfir hafi þetta gengið ágætlega fyrir sig með skemmtilegri ferð út og sá ég bætingar hjá öllum stelpunum yfir sumartímann. Vonandi halda þær allar svo áfram í boltanum.

Jólaþveðja, Guðni Már Kjartansson.

4. flokkur karla

Sumarið var hjá 4.flokk karla var spennandi og skemmtilegt að mörgu leyti. Þar sem margir leikmenn voru að stíga sín fyrstu skref á 11 manna velli vour úrslitin ekki það sem skipti höfuðmáli. Nokkrir mjög góðir leikmenn gegnu uppúr 4.flokki um haustið og í raun má

segja að liðið hafi verið gjörbreytt frá því í fyrra eins og gengur og gerist í þessu. Við höfðum það að meginmarkmiði að njóta leikjanna sem við spilum og læra sem allra mest af þeim. Einnig er það mikilvægt að leggja sitt að mörkum að búa til betri einstaklinga og þá ekki bara inná fótboltavellinum. Eftir sumarið eru strákarnir reynslunni ríkari á 11 manna velli og verða því vonandi með sterkt lið á næsta ári, þar sem að efniviðurinn er klárlega til staðar hjá þessum strákum. Burtséð frá úrlsitum leikja geta menn gengið stoltir frá sumrinu. Heilt yfir var spilamennskan góð og menn löggðu sig alla í verkefnið!

Kveðja Boban

4. flokkur kvenna

4.flokkur kvenna þetta sumarið samanstóð af um 15 vöskum stúlkum. Árgangar '99 og '00 skipuðu flokkinn en aðeins fimm stelpur af eldra ári æfðu fótbolta í sumar. Í 4.flokki er spilað á 11-manna völlum og þar sem aðeins var sent lið til keppni í 7-manna bolta árið áður þurftu allar að læra marga nýja hluti um hina nýju fótboltaveröld þeirra.

Ágætlega tókst til og mátti sjá miklar framfarir milli flestra leikja hjá liðinu. Þjálfurum hefur fundist skorta verkefni hjá 4.flokki undanfarin ár en ekki hefur verið farið með flokkinn á nein mót yfir sumartímann. Aðeins átta leikir voru skráðir í Íslandsmóti en að lokum spilum við aðeins sjö þeirra þar sem velvilji okkar til að fresta leik sprakk framan í okkur og ekki tókst að finna nýjan leikdag fyrir úrslitakeppni. Af þessum leikjum sem voru spilaðir enduðu tveir með sigri, einn tapaðist og heilir fjórir enduðu með jafntefli. Það má segja að stelpurnar mynduðu oftast en ekki sterkari heild utanvallar frekar en innan og eftir góð keppnisár á undan, þar sem allt gekk upp innanvallar, bættu þær hraustlega inn á reynslubankann þetta sumarið.

Það er einstaklega gaman að vinna með stelpunum í hópnum sem og foreldrum þeirra og vonumst við til þess að þær allar haldi áfram að æfa og jafnvel fleiri bætist í hópinn. Takk kærlega fyrir sumarið.

Harpa og Ingvar

5. flokkur karla

17 strákar æfðu fótbolta með 5.fl. síðastliðið sumar og skiptust þeir niður í tvö lið, A og B. Sumarið byrjaði erfiðlega en sökum mikilla frestana voru nágrannar okkar í Þór og KA mótherjar okkar í fyrstu fjórum leikjunum. Þeir leikir töpuðust frekar stórt enda báru Akureyrarliðin höfuð og herðar yfir önnur lið í riðlunum okkar. Að undanskildu jafntefli gegni Hetti tók við sjö leikja sigurhrina hjá A-liðinu sem skilaði þeim þriðja sæti í riðlinum og þ.a.l. umspilsleik um sæti



í úrslitakeppninni en sterkt KA lið bar sigur úr þytum þar. Eftir því sem leið á sumarið spilaði B-liðið sífellt betur og léku að lokum úrslitaleik gegn Hetti um þriðja sæti riðilsins og umspillsæti en eftir æsispennandi leik og flott tilþrif tapaðist hann með minnsta mögulega mun. Þar sem riðlakeppninni lauk þann dag héldum við skemmtilegt lokahóf á Græna Torginu þar sem keppt var í FIFA á meðan strákarnir hámuðu í sig úrvals íþróttafæði á borð við pizzur, gos og nammi í boði Sölku og Pylsuvagnsins. Þreyttir og svangir eftir átök dagsins voru þeir ekki lengi að rífa í sig veislu sem fyrirfram hefði ég haldið að ætti að nægja heilum flokk af fullvaxta karldýrum! Það kom því ekkert sérstaklega á óvart þegar einhverjir kvörtuðu yfir magaverkjum eftir herlegheitin. Einn þeirra ætlaði að ganga svo langt að hringja í mömmu sína og láta hana laga magaverkin en hann gleymdi því snögglega þegar hann tók eftir því að hann ætti eitt Kit-Kat eftir í vasanum. Hann lúðraði því í sig á merkilega fáum sekúndum og verkurinn því skyndilega horfinn.

Hápunktur sumarsins var þó að taka þátt í N1 móti KA á Akureyri en þar komu saman u.þ.b. 140 lið og 1400 strákar til þess að spila fótbolta. Við skráðum tvö lið til leiks, B-lið og E-lið og stóðu þau sig með þryði jafnt innan vallar sem utan þrátt fyrir að úrslit leikjanna hafi verið misjöfn og ekki alltaf þau hagstæðustu. B-liðið spilaði á köflum frábæran fótbolta og vöktu verðskuldaða athygli nærstaddra en þeir enduðu mótið í 5. sæti af 28 mögulegum og hefðu jafnvel með smá heppni getað fært sig upp um eitt til tvö sæti. E-liðinu gekk brösulega í byrjun móts og lét fyrsta stigjið bíða eftir sér en það kom þó að lokum í sjötta og síðasta leik riðlakeppninnar en þar gerðu strákarnir 3-3 jafntefli gegn Leikni Rvk. Fyrsti sigurinn kom strax í kjölfarið gegn Víkingi Rvk. og brutust þá út mikil og innileg fagnaðarlæti. E-liðið endaði mótið í 26. sæti af 28 mögulegum. Það sem skiptir þó langmestu máli var það að strákarnir, ásamt þjálfara, skemmtu sér konunglega þessa fjóra daga og eiga mótshaldarar lof skilið fyrir mjög gott N1 mót.

Strákarnir, allir sem einn, tóku miklum framförum í sumar og spilðu yfirleitt skemmtilegan fótbolta með stórt bros á vör og vil ég þakka þeim fyrir stórskemmtilegt sumar og óska þeim góðs gengis í framtíðinni.

Sérstakar þakkar fær foreldraráðið sem fékk það verðuga verkefni að skipuleggja ferðalögin, sem voru leiðinlega mikið þússluspil oft á tíðum, en ómetanlegur stuðningur frá Sel-Hótel Mývatn auðveldaði þeim verkið svo um munar.

**Kristján Gunnar Óskarsson
Þjálfari**

5. flokkur kvenna

Þegar litið er til baka á sumarið hjá fimmta flokki kvenna Völsungs kemur fyrst upp í hugann gleði og skemmtun. Það voru um 25 stelpur að æfa og því nóg af skemmtun sem þær buðu uppá handa okkur þjálfurum á hverri æfingu. Gleðin einkenndi stelpurnar inná vellinum sem og utan vallar. Við vorum með A og B lið í Íslandsmótinu og stóðu stelpurnar sig ágætlega þar, A-lið lenti í 5. Sæti og B-lið í því 6. Tap, sigur og jafntefli kom allt við sögu og má segja að stelpurnar hafi lært ýmislegt af þessu sumri sem fylgir þeim fyrir komandi fótboltasumur. Seinasta helgin í júní var það sem stelpurnar biðu spenntar eftir, landsbankamót á sauðarkrók. Þar voru við með tvö jöfn lið og stóðu bæði lið sig með þriðji. Annað liðið lenti í öðru sæti og hitt í því fjórða. Einnig fengu stelpurnar háttvísisverðlaun, enda þekktar fyrir að vera góðar og duglegar, nánast alltaf. Við héldum liðskvöld með fyrirverandi þjálfara stelpnanna, Áslaugu, eitt sumarkvöldið og þar var farið í ratleik, borðað pizzu og enduðum svo á leikjum inni höll, þar sem engin

vildi hætta og öllum fannst gaman. Það er þó ekki hægt að sleppa að minnast á ferðina sem við fórum austur á Höfn, Fjarðabyggð og Egilstaði í ágúst. Þar fengu stelpurnar tilfinningu fyrir því hvernig það er að fara í keppnisferðalag, helgin heppnaðist ótrúlega vel og voru stelpurnar til fyrirmyndar fyrir Völsung hvar sem við komum. Við þjálfarar viljum þakka frábæru foreldraráði 5.flokks og einnig ykkur stelpur, fyrir lærdómsríkt og skemmtilegt sumar.



Gleðileg Jól
Berglind Jóna og Jana Björg

6. flokkur karla

Það voru um 15 strákar sem æfðu síðastliðið ár í 6. flokki. Þeir voru mjög duglegir að mæta á æfingar og tóku þar af leiðandi miklum framförum. Í mars var farið með 2 lið á Goðamót, gengið þar var upp og niður en allir kátir og áframhaldandi framfarir. Í sumar var farið á Strandamót á Árskógsströnd og Króksmót á Sauðárkróki þar sem strákarnir stóðu sig vel og var mjög gaman hjá okkur þar, auk þess var tekið þátt í Pollamóti KSÍ á Akureyri þar sem við fengum nokkra leikmenn lánaða úr 7. flokki til að geta verið með 3 lið, úrslitin voru okkur ekki hagstæð en þar safnast í reynslubankann. Í lok sumars spiluðum við svo hér á heimavelli á Húsavíkurmótinu og var það frábær endapunktur á knattspyrnuárinu, mikil leikgleði og ánægja í lokin. Takk fyrir skemmtilegan tíma, veriði duglegir að æfa, hlusta á þjálfarana ykkar og gangi ykkur vel í framtíðinni.

Boltakveðja
Unnar Þór

6. flokkur kvenna

Það voru um 18 stelpur sem æfðu síðastliðið ár í 6. flokki. Þær voru mjög duglegir að mæta á æfingar og tóku þar af leiðandi miklum framförum og oft var mikið líf og fjör á æfinunum. Í febrúar var farið með 3 lið á frábært Goðamót, fyrsta mótið sem spilað var í 5 manna bolta og reyndist það mjög vel og gengið mjög gott. Í sumar var svo farið á Landsbankamót á Sauðárkróki þar sem stelpurnar stóðu sig vel og var mjög gaman hjá okkur þar, auk þess var tekið þátt í Hnátumóti KSÍ á Akureyri, þar vorum við nærri því að fara í úrslit. Í lok sumars spiluðum við svo hér á heimavelli á Húsavíkurmótinu og var það frábær endapunktur á knattspyrnuárinu, mikil leikgleði og góður árangur. Takk fyrir skemmtilegan tíma, haldiði áfram að mæta samviskusamlega á æfingar, hlustið á þjálfarana ykkar og þá eru ykkur allir vegir færir.

Boltakveðja
Unnar Þór, Lovísa og Hafdís

7. flokkur

Gleði. Er án efa orðið sem lýsti æfingum hjá okkur í sumar best. Þar sem ca. 30 krakkar, stelpur og strákar, æfðu að kappi í öllum veðrum. Auðvitað komu stundir sem voru kannski ekki eintóm hamingja en krakkarnir þroskuðust og döfnuðu vel. Við fórum á tvö mót í sumar. Um miðjan júlí lá leið okkar til Árskógsstrandar á Strandarmótið þar sem við fórum með 3 strákalið og 2 stelpulið. Flest liðin unnu amk. leik og voru krakkarnir heilt yfir ánægð með mótið. Við enduðum svo sumarið með Kiwanismótinu hér á Húsavík með 4 strákalið og 2 stelpulið. Gaman verður svo að fylgjast með þessum mögnum krökkum á komandi árum! Við þökkum krökkunum og foreldrum þeirra kærlega fyrir sumarið.



Gleðileg Jól
Berglind Jóna, Jana Björg, Lovísa Björk og Hafdís Dröfn.



8. flokkur

Í Sumar var ákveðið að bjóða aftur upp á átta vikna námskeið líkt og síðasta sumar. Námskeiði var bæði fyrir stelpur og stráka. Æft var tvisvar í viku á sparkvöllunum upp við Borgarhólsskóla og voru krakkarnir á aldrinum 4-6 ára. Hápunktur sumarsins var svo Kiwanismótið, sem haldið var í lok ágúst. Krakkarnir voru yfirleitt vel yfir 20 á æfingunum. Í þennan klukkutíma sem að æfingin stóð var mikið líf og fjör í blandi við mikinn metnað og keppnisskap. Þó að námskeiði sé aðeins átta vikur fóru fram miklar framfarir. Svo þegar mótið var í lok ágúst stóðu krakkarnir sig rosalega vel og allir gengu sáttir af velli. Takk kærlega fyrir sumarið og vonandi halda sem flestir áfram að æfa ! :)

Gleðileg jól
Ásrún Ósk, Unnur Mjöll, Sóley og aðstoðarmenn

Kiwanismótið 2013

Þann 26. ágúst fór Kiwanismótið fram á Húsavík. Það eru foreldrar barna í 6. 7. og 8. flokki Völsungs sem sjá um mótið og þökkum við þeim fyrir alla vinnuna. Á mótinu kepptu um 240 börn á aldrinum 4-10 ára og komu keppendur af norður og austurlandi. Kalt var í veðri eins og oft áður en þrátt fyrir það voru mótsgestir glaðir og jákvæðir. Mótshaldarar voru sammála um að mótið hafi tekist vel enda aðstaða töluvert betri en í fyrra þar sem við höfðum aðgang að nýja vallarhúsinu í fyrsta sinn og það gerði allt mótið auðveldara í framkvæmd. Sjoppa var staðsett á efri hæð hússins, salernisaðstaða miklu betri og gátu keppendur og aðstandendur hlýjað sér á efri hæðinni eftir leiki. Eins og nafn mótsins gefur til kynna er Kiwanis okkar stærsti styrktaraðili en einnig veita Norðlenska, Heimabakarí og Kaskó okkur styrki. Án þessara aðila væri ómögulegt að halda svona mót. Það er von okkar að keppendum á Kiwanismótinu eigi eftir að fjölga næstu árin.

Mótsstjórn Kiwanismótsins 2013

Norwaycup í Oslo

Norwaycup 3. Flokkur Völsungs kvk og kk.

Í maí 2011 var skipuð undirbúningsstjórn ferðarinnar sem fyrirhuguð var í júlí 2013 og í henni voru: Brynhildur Gísladóttir, Erla Bjarnadóttir, Karólína Skarphéðinsdóttir, Kári Páll Jónasson, Jakobína Gunnarsdóttir og Rósa Borg Halldórsdóttir.

Loks var komið að því. Snemma morguns 26. júlí 2013, lögðum við af stað til Noregs í 9 daga ævintýri. Brottför var kl. 5:30 og fórum við í rútu frá Fjallasýn og var Andri Rúnarsson bílstjóri. 32 keppendur og 2 þjálfarar, þeir Róbert Ragnar Skarphéðinsson og Guðni Már Kjartansson, ásamt 5 fararstjórum; Birkir Þór Jónasson, Brynhildur Gísladóttir, Erla Bjarnadóttir, Hallgrímur Hreiðarsson og Kári Páll Jónasson. Á leiðinni stoppuðum við í Hraunsnefi í Borgarfirði og borðum hádegismat.

Þaðan var svo stefnan tekin til Keflavíkur. Þangað komum við vel tímanlega og í raun höfðum við svo sannarlega tímann fyrir okkur í Leifsstöð, þar sem fluginu okkar út var seinkað um 8 klst.

En krakkarnir voru svo frábærir og allan þennan tíma heyrðist ekki í þeim. Þó svo að það hefði verið mjög eðlilegt að ná að pirrast yfir seinkuninni, þar sem að mikil spenna og tilhlökkun var hjá öllum. Um tíma vorum við meira að segja einu gestirnir í flugstöðinni. En það sýndi sig klárlega strax í upphafi ferðar að þetta myndi verða hinn fullkomni ferðahópur. Eftir þennan mjög svo langan dag, komum við seint um kvöld í skólann í Osló þar sem við gistum. Og það var eins þar, ekki var að sjá á krökkunum að þau væru nýkomin úr löngu ferðalagi, því nú þurftum við að finna okkur bedda sem við sváfum á og svefnpokana. Það sá hver um það fyrir sig, sem tók sinn tíma og ég held að það hafi allir verið fegnir að leggjast útaf á beddana góðu og sofna.



En ekki var nú svefninn lengi sem við náðum, því um morguninn ruddist inn húsvörður og þurfti nákvæmlega á þeim tímamarki að skipta um reykskynjara í stofunum. Ég held að engum hafi fundist neitt fyndið við það þá, en í dag eru þetta eins og mjög margar aðrar skemmtilegar minningar.

Á laugardeginum var farið til Lilleström þar sem okkur var boðið á fótboltaleik Lilleström og Molde. Húsvíkingurinn Pálmi Rafn Pálmason (sonur Boggu kennara og Pálma) var svo rausnarlegur að bjóða okkur á heimaleik hjá Lilleström, liðinu sem hann spilar með. Það var alveg meiriháttar gaman, Lilleström sigraði leikinn og hópurinn mjög ánægður eftir þessa skemmtilegu ferð til Lilleström.

Fyrstu leikir voru á þriðjudegi og náðum við að kíkja í búðir fram að þeim tíma. Svo einkenndust dagarnir af fótbolta þar sem bæði liðin stóðu sig glæsilega. Stelpurnar unnu sinn riðill og komust í 8 liða úrslit. Strákarnir stóðu sig einnig mjög vel, þeir tóku einn æfingaleik til viðbótar leikjunum á sjálfum mótinu og er óhætt að segja að sá leikur hafi verið mjög skemmtilegur. Andstæðingarnir voru lið frá Congo og er það alveg satt þegar einhver sagði, að væri alveg eins og svart og hvítt að horfa á þennan fótbolta. Á meðan leiknum stóð fengum við þrumur og eldingar og á tímabili var svo dökkt yfir að líta að það var líkt og komið væri kvöld. Einn daginn var ákveðið að skella sér á ströndina, sú ferð tók fljótt af, þrumur voru líka þá. Tívolíferðin okkar var líka alveg mögnuð. Við eyddum einum degi í tívolíinu í Tusindfrid og voru sumir meira spenntir en aðrir og þá er ekki eingöngu verið að tala bara um krakkana.

Við vorum svo heppin að eiga Húsvíking í Osló, en það er hún Katla Sóley Skarphéðinsdóttir (dóttir Dedda og Jönu). Hún tók að sér að þvo keppnisbúningana fyrir krakkana, sem var kærkomið eftir mikinn rigningarleik hjá stelpunum. Því ekki var nein aðstaða til að þvo eða þurrka fötin í skólanum.

Ferðin heim gekk eins og í sögu, engin seinkun og róleg rútuferð heim. Þar sem að maturinn í Hraunsnefi var svo góður, stoppuðum við þar líka á heimleiðinni. Það var þreyttur en mjög ánægður hópur sem kom til Húsavíkur um miðnætti 4. ágúst.

Þessi 2 ár sem við söfnuðum fyrir ferðinni voru mjög fljót að liða og vinnan í kringum þessa ferð gekk rosalega vel. Því ber að þakka þessum frábæru krökkum, foreldrum þeirra sem tóku ekki síður þátt í vinnunni og öllum þeim sem aðstoðuðu og styrktu okkur. Jákvæðni og góð samvinna var klárlega innan hópsins sem gerði söfnunina auðveldu og skemmtilega.

**Bestu þakkir fyrir okkur,
Fararstjórar og þjálfarar Norwaycup 2013.**





JAKO



www.jakosport.is


**Völsungsvörurnar frá JAKO
fást í Skóbúð Húsavíkur**

*Heimabakarí
óskar
Völsungum
sem og öðrum
Þingeyingum
gleðilegra jóla*



**JÓLAKVEÐJA
HÚSASMÍÐJAN
í heimabyggð**

Vaillholtsvegi 8 Húsavík 464-8500



HÚSASMÍÐJAN

Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.



Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.



Ungmenningarhúsið Tún

Í Ungmennahúsinu Túni er starfrækt miðstöð fyrir þrjá hópa ungmenna á aldrinum 10-25 ára. Í Túni vinnum við með markmið um eflingu ungs fólks og auðgun ungmennings á svæðinu.

Yngsti hópurinn hittist einu sinni í viku en þar koma saman krakkar á aldrinum 10-12 ára. Í þeim hóp er áherslan lögð á skipulagða dagskrá og þátttöku krakkanna sjálfra í allskonar verkefnum, bæði til gagns og gamans. Mikill dugnaður er í þessum hóp og skemmtilegt að segja frá því að þau unnu að hugmyndasmiðju núna í haust þar sem þeirra hugmyndir að betrubætri Húsavík fengu að koma fram í héraðsblaðinu Skarpi!

Annar hópur í Túni er 13-16 ára hópurinn okkar en sá hópur hittist að jafnaði tvisvar í viku. Þeim er stýrt af sex manna nemendaráði sem er skipað fulltrúum allra bekkja í unglingadeild Borgarhólsskóla. Krakkarnir sjá sjálf um að reka sjoppu sem er á staðnum og nota allan ágóða í að auðga starfið sem er fjölbreytt og metnaðarfullt.

Að lokum má nefna elsta hópin sem er ætlaður ungmennum á aldrinum 16-25 ára. Í hverri viku hefur Tún opið kvöld sem þessi hópur getur nýtt til þess að koma saman og nýta aðstöðuna. Í gegnum tíðina hefur þessi hópur verið virkur í útvarpi sem hefur verið sent frá Túni, nýtt hljómsveitaaðstöðu og fengið að nýta bíósalinn fyrir myndakvöld. Hér er áherslan orðin minni á skipulagða dagskrá og meiri á ungmenningu.

Ungmennahúsið Tún er í samstarfi við önnur ungmennahús og félagsmiðstöðvar á landinu og tekur reglulega þátt í samstarfsverkefnum. Þar er hægt að nefna söngvakeppni félagsmiðstöðva svo og stuttmyndahátíðina Stulla sem haldin er af ungmennahúsinu í Rósenborg á Akureyri.

Íbúar á svæðinu eiga svo hrós skilið fyrir jákvæða og hvetjandi umræðu er varðar þetta ungmennastarf. Slíkur stuðningur er svona starfi ómetanlegur!

Starfsmenn Túns eru Aðalbjörn Jóhannsson og Anna Björg Lindberg Pálsdóttir en hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið tun@nordurthing.is.

Gleðileg jól
farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Bílaþjónustan ehf.
Gararsbraut 52 - 640 Húsavík
Sími 464 1122 - Farsími 894 0872

Óskum öllum Völsungum til sjávar
og sveita
glæðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin
á liðnu ári.



Sími 464 1500 • Fax: 464 1501 • Netfang: info@gentlegiants.is
Heimasíða: www.gentlegiants.is

Óskum viðskiptavinum
okkar og öðrum Þing-
eyingum Gleðilegra
jóna og farsældar á nýju ári.
þökkum viðskiptin



viðbót
kjötvinnsla

Frjálsar íþróttir

Frjálsíþróttastarf Völsungs og annara félaga í sýslunni hefur verið undir einni sameiginlegri stjórn og starfar undir merkjum HSP síðan 2008.

Frjálsíþróttastarf í héraði hefur átt frekar erfitt uppdráttar á liðnu ári miðað við síðust ár hvað varðar fjölda keppanda. Á það sérstaklega við um eldri flokkinn en þar fækkaði keppendum eftir því sem leið á árið. Við hófum árið með nokkuð sterkum hóp iðkenda 10 ára og eldri er æfðu á Húsavík undir dyggri stjórn Jóns Benónýssonar (Bróa) 2x í viku. Austan menn komu 1x í viku og Brói tók iðkendur úr sveitunum með sér á æfingar.

Mikill fjöldi var einnig á æfingum yngri krakka á Húsavík eða um og yfir 20 krakkar. Selmdís Þráinsdóttir kom aftur til starfa um áramótin og þjálfaði yngri krakka ásamt Jönu Björg Róbertsdóttur og Hjörvari Gunnarssyni en þau þjálfuðu hópin fyrir áramót í fjarveru hennar.

Stefnt var á að fara suður með nokkuð stóran hóp á Stórmót ÍR en vegna slæmrar veðurspár komust flestir ekki á mótið. Þeir sem þó komust stóðu sig með þryði og unnu m.a. Atli Barkarson, Brynjar Örn Arnarsson og Arnhildur Ingvarsdóttir til verðlauna.

HSP sendi keppendur á bæði MÍ mótið innanhús. Á MÍ 11-14 fóru rúmlega 10 keppendur og kom Hafdís Dröfn heim með silfurverðlaun í 800 m og stelpusveit varð í 2. sæti í 200 m. boðhlaupi. Á MÍ 15-22 ára fóru 4 keppendur og varð Brynjar Örn Arnarson Íslandsmeistari í 60 m grindarhlaupi og náði bronsverðlaunum í 60 m hlaupi. Elvar Baldvinsson varð annar í 60 m grind og þriðji í hástökki.

Æfingar héldu svo áfram á Laugum í sumar og var æft tvisvar í viku. Iðkendum hafði fækkað all verulega og stunduðu m.a. mun færri æfingar frá Húsavík en síðustu sumar. Það voru því ekki margir keppendur sem fóru frá okkur á MÍ mótið í sumar. Tveir keppendur fóru á MÍ 11-14 sem haldið var í Hafnarfirði og varð Páll Vilberg Róbertsson í 2. sæti í kúluvarpi. Á MÍ 15-22 sem haldið var á Kópavogsvelli fóru þrjú keppendur og náðu ekki verðlaunasæti að þessu sinni.

Vegna mikils áhuga hjá yngri krökkunum s.l. vetur á Húsavík, var ákveðið





að bjóða aftur upp á æfingar á Laugum 2x í viku í sumar og jafnframt hafa æfingu á Húsvík 1x í viku. Skemmst er frá því að segja að ekkert varð úr æfingum á Húsvík, enda aðstaða mjög ágæt og aðrar íþróttagreinar með betri aðstöðu í boði. Æfingar hjá yngri krökkum gengu betur á Laugum en eins og hjá eldri hópnum komu mun færri frá Húsvík en sumarið áður. En iðkendur úr Reykjadal, Mývatnssveit, Bárðardal og Fnjóskadal komu á þessar æfingarnar. Þjálfari var Selmdís Þráinsdóttir og þökkum við henni kærlega fyrir gott starf á árinu en hún fór svo suður í skóla í haust. Af afreksfólki innan okkar raða var Þorsteinn Ingvarsson búin að eiga við meiðsli en var allur að koma til á árinu og varð m.a. Íslandsmeistari í langstökki innanhús og Landsmótsmeistri í sömu grein. Vonandi heldur hann áfram að standa sig vel.

Auður Gauksdóttir var í hópi Norðurlands fyrir bikamót FRÍ innan húss s.l. vetur.

STIGAHÆSTU EINSTAKLINGAR HSP Á VEGNA Breytinga á lágmarkum eigum við að þessu sinni einn keppanda í Úrvalshópi FRÍ SUMARLEIKUM Í SUMAR BRYNJAR ÖRN (Frjálsíþróttasambandi Íslands) unglunga 14-22 ára en það er Marta Sif Baldvinsdóttir Mývatnssveit ARNARSSON OG AUÐUR GAUKSDÓTTIR í Kúluvarpi. ÁSAMT BRÓA ÞJÁLFAFA.

Við höldum Frjálsíþróttaskóla UMFÍ aftur í sumar og fór hann fram á Laugum í júní. Alls tóku 11 krakkar af starfssvæði HSP þátt á aldrinum 11 - 14 ára. Þjálfarar voru Brói, Selmdís og Hjörvar en foreldrar skiptust á að sjá um matarundirbúning og viðveru.

Sumarleikar HSP 2013 voru haldnir á Laugum helgina 20-21. júlí, heldur seinna en oft áður. Finasta veður var á mótinu og tókust þeir með ágætum, þrátt fyrir að starfsmenn frá félaginu væru heldur af skornum skammti. Ekki reyndist gott að hafa mót á þessum annatíma í sumarfríum fólks. Á mótíð mættu um 190 keppendur til leiks, frá 13 félögum þar af 32 frá HSP. Keppendur okkar stóðu sig með þryði og tóku fleiri yngri og óreyndari keppendur þátt en oft áður. Það er gaman að sjá hvað Sumarleikar HSP skipa orðið stóran sess hjá frjálsíþróttafélögum á Norðurlandi en mörg þeirra fjölmenna á mótíð. Á Nóvembermótinu veittum við svo verðlaun fyrir stigahæstu keppendur HSP á Sumarleikum. Þau verðlaun komu í hlut Brynjars Arnar Arnarsson fyrir grindarhlaup og Auður Gauksdóttir fyrir hástökk.

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Höfn í Hornafirði um Verslunarmannahelgina og þar átti HSP 22 keppendur í frjálsum íþróttum. Frjálsíþróttakrakkarnir okkar stóðu sig ágætlega og komu með 3 verðlaun, 1 gull og 2 brons. Atli varð unglingalandsmótsmeistari í kúluvarpi og Katla María Kristjánsdóttir vann bronsverðlaun í langstökki. Stúlknasveit okkar vann svo brons í boðhlaupi.

Í október hófum við svo aftur æfingar eftir gott haustfrí og eru núna æfingar á Húsvík 2x í viku fyrir eldri hópinn. Breyting er á að Brói kemur bara á aðra æfinguna en um hina sér Hjörvar Gunnarsson. Brói er svo með æfingu á Laugum 1x í viku og ganga þær bara nokkuð vel.

Æfingar fyrir 9 ára og yngri eru 2x í viku og eru þjálfarar Jana Björg Róbertsdóttir, Dagbjört Ingvarsdóttir og Sunna Guðbergsdóttir. Gífurleg aukning hefur verið í þessum aldurshópi og mættu margir nýir keppendur til leiks á Nóvembermótinu okkar.

Eftir mjög annasamt ár lítum við um öxl og sjáum að eitthvað verður að gera til þess að fá iðkendur til að staldra lengur við hjá okkur í frjálsum! Við erum að "toppa" í fjölda á veturna en þegar kemur að fara að njóta afraksturs æfinga yfir veturinn og keppa úti við bestu aðstæður fyrir frjálssar eru margir keppendur á bak og burt. Eitthvað sem við verðum að skoða hvað veldur.

Að lokum viljum við þakka þjálfurum okkar fyrir árið og þá sérstaklega Bróa fyrir hans frábæra og ómetanlegt starf, foreldrahópnum fyrir velunnin störf á mótum ársins en án hans er þetta ekki hægt og svo öllum sem hafa styrkt okkur á árinu.

Minum svo á að Dagatal HSP fer að koma inn um lúguna. :)

Fyrir hönd Frjálsíþróttaráðs HSP
Ágústa Pálsdóttir Völsungj
Hulda Skarphéðinsdóttir Einingu
Sigprúður Stella Jóhannsdóttir UMF Leifi Heppna
Arna Ásgeirsdóttir Völsungj
Lilja Hrund Harðardóttir Völsungj

Óskum öllum Völsungum til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnu ári.





Gleðileg jól farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.





VERSLUNIN
TÁKN

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu.



Bilaloiga Húsvíkur
Garðarsbraut 66 • Húsvík
Símar 464 1888 & 464 2500

Óskum Húsvíkingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum liðin ár.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



HÁRIÐJAN
Ella og Guðný

Hestamiðstöðin Saltvík óskar öllum Húsvíkingum og öðru góðu og skemmtilegu fólki gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári :)




Saltvík
Hestamiðstöð / Horse Center
Húsvík

Gönguskíði

Á árinu hafa margir notfært sér brautir sem lagðar hafa verið í og við bæinn. Oft á tíðum hefur mikill fjöldi fólks verið í brautinni á heiðinni, sérstaklega í stilltu og björtu veðri. Og enn eru aðstæður að batna til muna, nú með breiðum og góðum vegi á skíðasvæðið þannig að það tekur ekki nema nokkrar mínútur að komast á eitt skemmtilegasta skíðagöngusvæði landsins. Og hugmyndir eru um að halda áfram uppbyggingu svæðisins á heiðinni fyrir neðan Höskuldsvatn.

Síðasta vetur stóð deildin fyrir námskeiðum fyrir byrjendur og sótti töluverður fjöldi manns námskeiðin. Margir þeirra héldu svo áfram og komu reglulega á skíði sem var afar ánægjulegt. Líklegt má telja að áframhald verði á slíkum námskeiðum í vetur og skorum við á þig að mæta og prófa þetta heilnæma og skemmtilega sport.

Þann 20. apríl var Orkugangan haldin, átti hún upphaflega að vera 13. apríl en fresta þurfti henni um viku vegna veðurs. Aðstæður voru nokkuð erfiðar sökum hvassviðris, sér í lagi frá Kröflu og að Þeistareykjum. Eftir því sem keppendur nálgudust skíðasvæðið okkar á heiðinni skánaði hins vegar veðrið og var algjör blíða þegar í mark var komið á svæðinu okkar eins og svo oft áður. Þar fóru styttri vegalengdirnar fram við afar góðar aðstæður. Þátttaka var samt með minna móti og er ástæðan klárlega að fresta þurfti göngunni. Enn er stefnt á að bæta við þennan viðburð og vonandi sjáum við nú erlenda aðila í vor í göngunni í fyrsta skipti og vonandi líka þig, en gangan verður haldin þann 12. apríl. Þess má geta að myndir og myndbönd má sjá úr göngunni á heimasíðu keppinnar www.orkugangan.is.

Að venju átti Völsungur nokkra þátttakendur í hinum ýmsu göngukeppnum víða um land og er gaman að sjá að félagið er að verða eitt af stærri félögum landsins í greininni.



Sjáumst í brautinni og gleðileg jól.
Skíðagöngudeild Völsungu
Ásgeir Kristjánsson
Halldór Kristinsson
Höskuldur Skúli Hallgrímsson
Karl Aðalsteinsson
Kári Páll Jónasson
Sigurgeir Stefánsson
Örn Sigurðsson

Óskum öllum Völsungum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum samskiptin á liðnu ári.



Þingeyingar!

Óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Þökkum liðið ár.



Gleðileg jól farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Blekhylki.is

Óska viðskiptavinum mínum og öðrum Þingeyingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þakka viðskiptin á árinu sem er að líða.

Hárgreiðslustofa
Huldu Jóns
Skálabrekku 11 - S. 464 1885



Óskum öllum Völsungum til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnu ári.



Óskum viðskiptavinum okkar og Húsvíkingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrir árið sem er að líða.



Rifós í Kelduhverfi óskar Völsungum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



Starfsfólk sýsluskrifstofunar á Húsavík óskar öllum Húsvíkingum og nærsveitungum gæfu og gleði um jólin.





SÝSLUMAÐURINN Á HÚSAVÍK

Allir í gallana! Óskum öllum Völsungum gleðilegra jóla og velfarnaðar á nýju ári.



Tímavélin....Myndir frá fyrri tíð



Sund

Sundstarfið byrjaði með hefbundnu sniði líkt og oft áður, eldri krakkarnir æfa 3x í viku og hafa kost á að fara á Lauga 1x í viku, yngri hópurinn og Laugarbörnin æfa 2x í viku, í apríl héldu við æfingabúðir á Laugum sem frestuðust frá haustinu áður og var mjög góð þáttaka þar.

Krakkarnir hafa sótt eftirfarandi sundmót og aðra viðburði:

KR mót Reykjavík í febrúar

Páskamót á Húsavík í mars

Æfingabúðir á Laugum í mars

Lionsmót Ránar á Dalvík í maí

Uppskeruhátíð og sundmót Húsavík 17. Júní

Unglingalandsmót á Höfn í Hornafirði um verslunnamannhelgina

Sprengimót Óðins á Akureyri í september

Æfingabúðir á Laugum í október

Héraðsmót HSP á Laugum í nóvember

Verðlaunafhending og pizzaveisla á Húsavík í nóvember

Jólamót Óðins á Akureyri í desember.

Þess má geta að krakkarnir stóðu sig öll mjög vel á þessum mótum og bættu mörg hver tímana sína.

Haustið byrjaði með svipuðu sniði og venjulega, æfingabúðir voru við með á Laugum í

byrjun október til að hrista hópinn saman, héraðsmótið okkar var áætlað 12 okt og þurftum við að fresta því og var það haldið þann 9 nóvember á Laugum í 14 stiga frosti. Keppendur komu frá Völsungi, Eflingu og Geisla og stóðu krakkarnir sig frábærlega vel þótt að veðrið hafi ekki verið okkur hagstætt, Völsungur vann stigakeppnina. Stigahæst í kvennaflokki var Sif Heiðarsdóttir frá Völsungi og í karlaflokki var Ástþór Ingi Hannesson stigahæstur. Sif var einnig valin sundmaður Völsungs í flokknum 16 ára og yngri fyrir árið 2012 og Valdís Józefsdóttir í flokki 17 ára og eldri, einnig var Valdís valin sundmaður HSP fyrir árið 2012.

Verðlaunafhending fyrir héraðsmótið var haldin á Húsavík í nóvember, þar mættu börnin borðuðu saman pizzu og skemmtu sér vel undir stjórn þjálfara.

Æfingar eru á Laugum tvisvar í viku og sjá Valgerður Józefsdóttir og Guðmunda Birta Jónsdóttir um þær. 20 börn frá félögum Eflingu og Geisla æfa á Laugum tvisvar í viku. Yfirþjálfari er Árný Björnsdóttir íþróttakennari og heldur hún utan um allar æfingar á svæðinu, henni til aðstoðar við þjálfun á Húsavík eru: Valgerður Józefsdóttir, Sif Heiðarsdóttir og Guðbjörg Helga Aðalsteinsdóttir. Á Húsavík æfa rúmlega 30 börn sem er svipaður fjöldi og hefur verið.

Í stjórn sunddeildarinnar eru: Árný Björnsdóttir yfirþjálfari, Elísabet Sigurðardóttir sem jafnfram er starfsmaður deildarinnar, Margrét Magnúsdóttir og Margrét Þórhallsdóttir.

Að lokum viljum við hjá sunddeildinni óska öllum þjálfurum, iðkendum sem og öllum þingeyingum, gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.



Ástþór Ingi Hannesson og Sif Heiðarsdóttir

**Fyrir hönd Sunddeildar Völsungs og Sundnefndar HSP
Elísabet Sigurðardóttir.**





Jóla kvæðja

*Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í
Þingeyjarsýslum óska félagsmönnum sínum
og fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum
og landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.*

*Framsýn-stéttarfélag
Starfsmannafélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Þingið*

Sveitarfélagið Norðurþing óskar Völsungum
og landsmönnum öllum
bjartrar framtíðar,
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnum árum.



NORÐURÞING

ÍPRÓTTASKÓLI OG HREYFINGASKÓLI VÖLSUNGS

Hreyfingaskóli Völsungs

Hreyfingaskólinn er unnin í samstarfi við Borgarhólsskóla. Börnin koma beint úr skólanum í skólann og eru þar í 60 min. Nú er skólinn í boði fyrir 1.-2. bekk. Um 30 börn eru skráð á haustönninni.

Það hefur verið mikið fjör í tímunum hjá okkur og vonum við að krakkarnir hafi gaman að þessu og haldi áfram að taka þátt í Hreyfingaskólanum á meðan hann er í boði fyrir þau. Það er okkar von að þessi skóli sé kominn til að vera og hægt verði að þróa hann enn frekar í samstarfi við Borgarhólsskóla þannig að við getum boðið uppá markvissa og skemmtilega hreyfingu í framtíðinni.

**Kveðja
Unnar Þór**

Íþróttaskóli Völsungs

Íþróttaskólinn er starfræktur með sama sniði og síðustu vetur, þ.e.a.s. tveir hópar yngri og eldri barna. Í haust eru skráð um 60 börn og er það alveg frábært. Við höfum reynt að virkja foreldra til þátttöku enda teljum við þetta eiga að vera ánægjulega stund barns og foreldra. Það er ávallt mikið fjör á laugardögum í íþróttahúsinu þegar börnin mæta á svæðið og fá að hreyfa sig í þessu stóra rými sem í boði er. Þau fá að spreyta sig á ýmsum æfingum og þrautum sem alltaf virðast vekja mikinn áhuga og ánægju hjá þeim og ávallt eru börnin jafn þakklát þegar tíminn er búinn. Það eru alltaf mörg brosandí andlit sem mæta okkur á laugardagsmorgnum og vonum við að svo verði áfram þegar Íþróttaskólinn hefst að nýju eftir jólafrí.

**Bestu kveðjur
Áslaug og Unnar Þór**



KEA

síðan 1886

*Óskum Völsungum og Þingeyingum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári*

Blak

Starfsemi blakdeildar Völsungs gengur vel og jafnur og góður fjöldi fólks stundar þessa skemmtilegu íþrótt. Tæplega fimmtíu manns stunda blak í flokki fullorðina og síðasta vetur voru hátt í tuttugu krakkar sem iðkuðu krakkablak. Þjálfarar síðasta vetur voru Bjarni Páll Vilhjálmsson, Ingibjörg Gunnarsdóttir og Ólafur Heimir Guðmundsson.

Að venju tókum við þátt í nokkrum hraðmótum sem haldin voru á Norðurlandi auk þess sem Völsungur stóð fyrir sínu árlega Nýársmóti fyrstu helgi janúarmánuðar með met þátttöku liða eða alls 33.

Þá tók karlalið Völsungs þátt í Fjallalambseildinni (deild utandeildarliða á Norðurlandi) en þeir luku keppni sl. vor í 2. sæti. Krakkarnir okkar tóku þátt í tveimur mótum. Tvö lið tóku þátt í hluta Íslandsmóts í 5. flokki á Neskaupsstað og eitt lið í hluta Íslandsmóts í 4. flokki á Akureyri. Krakkarnir stóðu sig mjög vel, sýndu miklar framfarir og voru félaginu til fyrirmyndar, innan vallar sem utan.



Hluti af Elítunni - Marzenna, Anna Margrét og Helga Dóra.

Öldungamóti Blaksamband Íslands, HKarlinn 2013, var að þessu sinni haldið í Kórnum í Kópavogi 28. – 30. apríl í umsjón blakdeildar HK. Mikill áhugi er fyrir öldungablaki á landinu öllu og enn fjölgar keppendum, nú voru þeir rúmlega 1000 í 144 liðum, 49 karlalið og 95 kvennalið. Keppt var í 7 karladeildum og 14 kvennadeildum, alls 432 blakleikir.

Völsungur mætti til leiks á Öldungamóti BLÍ með 6 lið. Eitt karlalið sem spilaði í 3. deild karla og fimm kvennalið sem spiluðu í 2., 3., 4., 10., og 12. deild kvenna.

Völsungur átti fjögur lið á verðlaunapalli, karlalið Völsungs sigraði 3. deildina örugglega, Völsungur A sigraði 2. deild með fullt hús stiga og mun því spila aftur í 1. deild næsta vor, Völsungur B var í 3ja sæti í 3. deild og Völsungur D sigraði 10. deildina örugglega.

Því munum við eiga lið í 1., 3ju, 4ju, 9. og 12. deild kvenna að ári og lið í annari deild karla. Öldungamótið 2014 verður í umsjón KA og haldið á Akureyri 1. – 3. maí 2014.

Líkt og síðustu sumur var sett upp blaknet í Suðurfjöru og þegar vel viðraði mætti hópur fólks og spilaði blak. Árviss viðburður er „Strandblaksmót“ á Mærudögum og var þátttaka góð og tóku fjölmargir gestir utan Húsavíkur þátt. Styrktaraðilar Strandblaksmótsins voru Landsbankinn og Bryggjubarinn og þökkum við þeim kærlega fyrir stuðninginn. Sigurvegarar Mærudagamótsins 2013 voru Davíð Búi Halldórsson og Valur Traustason. Í haust hófst starfið af krafti. Lið frá Völsungi hafa þegar tekið þátt í tveimur hraðmótum, Rimamótinu á Dalvík og Haustmóti KA á Akureyri og staðið sig með sóma.

Jöfn og góð mæting er á æfingar en eins og áður segir eru fimmtíu þátttakendur í blaki fullorðinna, meirihluti konur.

Í nóvember byrjun hófust aftur blakæfingar barna og unglunga en iðkendur eru flestir á aldrinum 10 - 16 ára. Um er að ræða mjög efnilegan hóp ungra iðkenda sem hóf starfið af krafti og tók strax þátt í Íslandsmóti í 4. flokki þar sem stúlkurnar enduði í 5. sæti



Arney, Guðrún María, Tinna, Krista og Arna Védís úr Krakkablakinu.



Glæsilegur hópur blakara á Öldungamótinu HKarlinum 2013.

af 11 liðum. Frábær byrjun hjá efnilegum og áhugasömum hópi iðkenda. Þá tók hluti þjálfarateymis þátt í námskeiði í þjálfun krakkablaks í nóvember.

Þjálfarar í flokki fullorðinna eru Bjarni Páll Vilhjálmsson og Jóhanna Guðjónsdóttir.

Um þjálfun krakkablaks sér Bjarni Páll Vilhjálmsson og honum til aðstoðar eru Erla Bjarnadóttir, Elsa Skúladóttir, Rannveig Þórðardóttir, Jóna Fríða Kristjánsdóttir og Jóna Matthíasdóttir.

Í stjórn blakdeildar sitja; Trausti Jón Gunnarsson formaður og meðstjórnendur eru Erla Bjarnadóttir, Erla Dögg Ásgeirsdóttir, Kristjana Ríkey Magnúsdóttir, Elín Guðmundsdóttir gjaldkeri og Jóna Matthíasdóttir tengliður stjórnar.

Nýársmót Völsungs verður haldið 10. – 11. janúar 2014 og við bjóðum alla bæjarbúa velkomna í Íþróttahöllina til að fylgjast með skemmtilegu blaki og miklum tilþrifum.

Við sendum Völsungum og öðrum bæjarbúum okkar bestu jóla- og nýárskveðjur.

Skíði

Einn iðkandi hefur stundað reglulegar æfingar þetta árið, æft er í Kröflu með Mývetningum eins og undanfarin ár.

Um 20 krakkar æfðu á vegum Mývetnings, flest úr Mývatnssveit. Æfingar voru tvisvar sinnum í viku og þjálfarar voru Stefán Gunnarsson og Eyrún Björnsdóttir.

Veturinn byrjaði á samhringingi hjá SKINOR – en það er samstarf skíðadeilda á norðurlandi. Var það á Siglufirði helgina 12-13 janúar. Þar voru æfingar og endað á tímatökum.

Fyrsta mót vetrarins var Kröflumótið sem var haldið 8-10 febrúar. Austfirðingar tóku þátt í því ásamt Mývetningum.

Næst var haldið á Björnsmótið sem haldið var í Stafdal 16. og 17. Febrúar.

23-24 febrúar var SKINOR- æfing í Kröflu.

Andrésar Andarleikarnir voru svo á sínum stað, eða 25-27 apríl. 5 börn frá Völsungi tóku þátt þetta árið. 2 í göngu og 3 í alpagreinum. Gekk okkar fólki ljómandi vel, komum heim með 2 verðlaunapeninga fyrir 4. sæti bæði í svigi og stórsvigi.

Endaði skíðaveturinn á Guffaleikunum eins og undanfarin ár. Guffaleikarnir voru þann 28 apríl þar sem bæði börn og fullorðnir keppa og mæta í grímubúningum og skemmta sér vel.

Langar mig að benda Völsungum á að öllum krökkum úr nærsveitunum er velkomid að sækja skíðaæfingar Mývetnings.

**Skíðadeildin óskar öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs,
Sæunn Helga Björnsdóttir formaður skíðadeildar Völsungs**



Óskum Þingeyingum
gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs,
þökkum viðskiptin
á árinu.



Þingeyingum
Húsavík
Túngata 1 • Húsavík • Sími 464 2222

Óskum Húsvíkingum
og nærsveitunum
gleðilegra jóla
og farsæls
komandi árs.



Sparisjóðurinn óskar
viðskiptavinum sínum
sem og öllum Þingeyingum
gleðilegra jóla og farsæls komandi
árs með þökk fyrir viðskiptin á
árinu.



SPARISJÓÐUR
SUÐUR-ÞINGEYINGA

HUSAVIK • FOSSHÖLL • LAUGAR • MÝVATNSSVEIT

Gleðileg jól
farsælt komandi ár

Þökkum viðskiptin
á liðnum árum

ÁFRAM VÖLSUNGUR!



VÍKURRAF ehf.

Meistaraflokkar í knattspyrnu

Meistaraflokkur karla

Fyrir meistaraflokki karla lá fyrir höndum krefjandi og spennandi verkefni. Árið 2012 vann liðið 2.deild með eftirminnilegum hætti og því var verkefni sumarsins að spila í 1.deild. Samhliða 1.deildarsætinu færðist liðið líka í efri styrkleikaflokk í deildarbikarnum. Nýr og glæsilegur gervigrasvöllur okkar Húsvíkinga þýddi það að lið úr efstu deild voru væntanleg í heimsókn á gömlu vík. Heilt yfir var deildarbikarinn fín prófraun fyrir sumarið þó svo að enginn sigurleikur hafi komið í hús. Tvö jafntefli á á móti Fram og KA sýndu þó að á góðum degi gati liðið strítt sterkum liðum.

Sumarið gekk því miður ekki nógu vel eins og flestir vita. Uppskera sumarsins var 2 stig og fall í 2.deild staðreynd. Breytingar urðu á liðinu á miðju sumri og því tók leikmannahópurinn töluverðum breytingum frá því sem að upp var lagt með í upphafi tímabils. Dragan Stojanovic sem að styrði liðinu upp um deild árið 2012 hvarf á braut um mitt sumar eftir tapleik á móti KA. Völsungur þakkar honum kærlega fyrir hans framlag til félagsins og óskar honum velfarnaðar í framtíðinni. Við starfi hans tóku Vilhjálmur Sigmundsson ásamt Stefáni Jóni Sigurgeirssyni og Kristjáni Gunnari Óskarssyni. Framlag þeirra á erfiðum tímum var ómetanlegt og stóðu þeir sína plikt með sóma þrátt fyrir að úrslitin væru okkur í óhag.

Í fótboltnum er gaman þegar vel gengur en á móti kemur að andvökunæturnar geta orðið margar þegar á móti blæs. Spilamennskan var þó á köflum betri en úrslitin gefa til kynna þó svo að þau segi vitanlega sína sögu. 2.deild er því aðalverkefni strákana á næsta ári og verður spennandi að sjá hvernig það gengur. Hafþór Mar Aðalgeirsson og Hrannar Björn Steingrímsson hafa ákveðið að færa sig um set og óskum við þeim góðs gengis á nýjum vígstöðvum.

Nýlega var Ragnar Hauksson ráðinn þjálfari meistaraflokks karla og mun hann stýra liði Völsunga á komandi tímabili. Ragnar er gamall markahrókur og ætti því að geta komið því til skila til okkar manna hvernig á að finna netmöskvana.



Mynd: Brandur Jónsson

Meistaraflokkur kvenna

Hjá stelpunum tók Róbert Ragnar Skarphéðinsson við keflinu af Jóa Páls nú í haust sem að styrði liðinu síðustu tvö tímabil. Jói gerir sjálfur upp tímabilið hjá stelpunum hér að neðan og því gefum við gefum honum orðið:

Kveðja frá fráfarandi þjálfara mfl.kvk ÍFV



Mynd: 640.is

Mfl.kvk endaði um miðja deild í sínum riðli og verður að segjast að það hafi verið undir þeim væntingum sem gerðar voru í upphafi. Liðið var skipað ungum og efnilegum heimastúlkum í bland við sér eldri og reyndari. Ákveðið var að fara í samstarf við Þór/KA og voru fengnir leikmenn þaðan að láni til að styrkja liðið. Segja má að liðið hafi oft spilað ágætan fótbolta þrátt fyrir að úrslitin hafi ekki alltaf fallið réttu megin og ljóst að framtíðin hjá stúlkunum er björt. Trú undirritaðs er sú að með tilkomu þeirrar frábæru aðstöðu sem er komin á Húsavík að þá mun knattspyrnuleg gæði aukast og iðkendur koma til með að ná enn lengra á sviði knattspyrnunnar. Þakka ber þeim sem lagt hafa gjörva hönd á plóg s.s. stúsráði, aðstandendum félagsins og foreldrum. Án þeirrar aðkomu væri erfitt að halda úti því starfi sem snýr að utanumhaldi og eftirfylgni leikja. Einnig ber að hrósa þeim stúlkum sem hafa lagt sig í líma við það að standa sig í sinni íþrótt og sýnt eljusemi, fórnfýsi og dugnað. Til að ná langt í sinni íþrótt þarf að hafa gott hugarfar, einbeittan vilja og hlúa að líkamlegu og andlegu

atgervi. Ef þetta fer saman eiga menn eftir að ná langt.

Undirritaður hefur verið þeirrar ánægju aðnjótandi að þjálfar mfl. kvk síðastliðin tvö ár. Það hafa skipst á skin og skúrir en eftir situr ánægjuleg minning frá þessum tíma. Ósk mín er að framtíðin verði sem björtust hjá þingeystum knattspyrnukonum og mönnum. Bestu þakkar fyrir samstarfið á liðnum árum og eigi þingeyskt íþróttafólk og aðstandendur von á góðu og gæfuríku nýju ári.

Eigið ánægjuleg jól og áramót!

Jóhann Rúnar Pálsson

Landsliðsfólk í knattspyrnu

Efnilegt knattspyrnufólk heldur áfram að spretta upp hjá Völsungi. Ásgeir Sigurgeirsson spilaði 3 leiki með U-19 ára liði Íslands og skoraði í þeim 3 mörk. Ásgeir skoraði jöfnunarmark gegn Slóvakíu í uppbótartíma sem að færði Íslendingum jafntefli. Í 2-1 tapi gegn Norðmönnum skoraði Ásgeir eina mark Íslendinga og að lokum skoraði Ásgeir fyrsta mark Íslendinga í 3-2 sigri á Svíum. Leikirnir voru hluti af alþjóðlegu æfingamóti sem fram fór í Svíþjóð. Ásgeir spilaði einnig lykilhutverk í meistaraflokksliði Völsungs eins og í fyrra og spilaði hann 17 leiki í deild og bikar og skoraði 4 mörk.

Hulda Ósk Jónsdóttir hafði í nógu að snúast á árinu og spilaði 13 leiki með U-16 og U-17 ára landsliðum Íslands og skoraði 4 mörk. Opna Norðurlandamótið fór fram í Reykjavík og á Suðurnesjum nú í haust og lenti íslenska liðið í riðli með



Mynd: 640.is

Þjóðverjum, Hollendingum og Finnum. Stelpurnar sigruðu Finna 1-0, gerðu 2-2 jaftefli við Holland og töpuðu fyrir Þjóðverjum 0-2 sem að sigruðu mótið. Leikur um sæti gegn Englandi tapaðist 2-0.

Norðurlandamótið hefur undirbúið liðið vel þar sem að stelpurnar héldu næst til Moldavíu þar sem EM-riðillinn þeirra var spilaður. Leikir gegn Lettlandi og Moldavíu unnust 5-0 og 6-0 og skoraði Hulda 3 mark Íslendinga gegn Moldavíu. 2-2 jaftefli gegn Ungverjum þar sem að Hulda skoraði fyrsta mark okkar tryggði Íslendingum sæti í milliriðli þar sem leikið var um laust sæti á EM. Í milliriðlinum hélt Hulda uppteknum hætti og var á skotskónum gegn Rúmenum. Þar sem að hún skoraði bæði mörk liðsins í 2-1 sigri. Á eftir fylgdu leikir gegn Írum og Spánverjum sem töpuðust 2-1 og 3-1 og Íslendingar því úr leik þrátt fyrir frábæra frammistöðu.

Hulda var líkt og Ásgeir hjá strákunum í lykilhutverki hjá meistaraflokki þrátt fyrir ungan aldur. Hulda lék 12 leiki í deild og bikar á árinu og skoraði 7 mörk í þeim leikjum.

Dagbjört Ingvarsdóttir lék sinn fyrsta landsleik með U-17 í æfingaleik gegn Dönum í upphafi ársins 2013. Leikurinn fór fram í Kórnum og tapaðis 0-3.

Einnig hefur fjöldin allur af Völsungum verið boðaður á landshlutaæfingar og aðrar úrtökuæfingar. Völsungur óskar landsliðsfólki sínu og öllum þeim sem hafa verið viðloðandi landsliðin á einn eða annan hátt til hamingju með frábært ár og það er greinilegt að framtíðin er björt.



Mynd: 640.is



Óskum öllum
Völsungum
gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.
Þökkum
samskiptin
á liðnu ári.



Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Fiskeldið á Haukamýri ehf



Jólaþakveðja

*Reykfiskur ehf. Húsvík óskar starfsfólki sínu
og fjölskyldum þeirra, sem og
landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.*

Þökkum samskiptin á liðnu ári.

Reykfiskur ehf.

Húsvík.

Gjöf sem er alltaf efst á óskalistanum



Gjafakort Íslandsbanka

Með gjafakorti Íslandsbanka geturðu verið viss um að gjöfin þín hitti í mark. Eins og önnur greiðslukort gildir það jafnt í verslunum um allan heim og á netinu. Þú færð kortið í fallegum gjafaumbúðum og þarft ekki að gera annað en að velja upphæðina.

Gjafakortið færðu í öllum útibúum Íslandsbanka



Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

Handbolti

Handboltinn á Húsavík

Handknattleiksiðkun á Húsavík hefur vaxið hægt og sígandi síðustu misseri. Á árinu 2013 hélt stífgandi áfram frá fyrra ári og fjölgaði iðkendum í yngri flokkum. Þó er alltaf hægt að gera betur og þrátt fyrir að vel hafi gengið að manna þjálfarastöður í handboltanum náðist það því miður ekki í öllum tilfellum. Draumastaða væri að bjóða uppá handbolta fyrir stráka og stelpur frá 6 ára aldurs og fram á fullorðinsaldur. Þá er ótalið að gaman væri að senda meistaraflokk til leiks í Íslandsmót og færa þannig meira líf í vetrarstarfið í íþróttahöllinni.

Veturinn 2013-2014 eru starfræktir 3., 4., 5. Flokkur drengja. Mikil áhersla hefur verið lögð á að koma af stað stelpnaflokkum í handbolta og var í haust farið af stað með 6./7. Flokk þar sem að strákar og stelpur æfa saman. Sama fyrirkomulag er einnig á 8.flokk sem er yngsti aldursflokkurinn.

Þjálfarar þennan vetur hafa verið þau Benedikt Jóhannsson og Eypór Traustason með 3 og 4 flokk karla. 5.flokkur er undir stjórn Heimis Pálssonar og Ásgeir Kristjánsson og Halldór Árni Þórgímsson hafa þjálfað 6/7 flokk karla og kvenna. Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir og Anna Björg Leifsdóttir hafa svo tekið að sér 8 flokk karla og kvenna.

Ekki hafa verið starfræktir meistaraflokkar, en þó hefur þeim síð verið haldið að skrá meistaraflokk karla til þátttöku í bikarkeppni HSÍ. Þetta árið drógust Völsungar gegn bikarmeisturum ÍR. Við teljum bikarleikinn vera mikilvægan viðburð í okkar starfi þar sem að bestu handboltamenn landsins mæta til Húsavíkur. Vissulega er það risavaxið verkefni að fá svo sterk lið í heimsókn en leikurinn á möguleika á því að vera góð auglýsing fyrir íþróttina hér í bæ.

Að byggja upp öflugt handboltastarf með fjölda iðkenda, virkum meistaraflokki/-um og faglegu starfi er langhlaup en ekki sprettthlaup í ekki stærra samfélagi en okkar. Handknattleiksráð hefur töluverða þolinmæði og stefnir ótrautt á öflugt og líflégt handboltastarf yngri flokka á næstu misserum. Það er okkar von að innan Völsungs muni á næstu árum þróast meiri samvinna milli deilda/greina, bæði í yngri flokkum og meistaraflokkum. Þannig verði börn og unglingar innbyggður hvati hjá félaginu til að taka þátt í fleiri en einni íþróttagrein. Þjálfun, keppni og iðkun þarf að tvinnast saman milli greina þannig að ánægja og árangur verði sem mest fyrir allar greinar. Við þurfum að sníða okkur stakk eftir vexti samfélagsins og gera iðkendum, bæði börnum og fullorðnum, kleift að vera virkir þátttakendur. Með því næst árangur í viðum skilningi þess orðs.

**Með bestu kveðju,
Handknattleiksráð 2013-2014:
Páll Kristjánsson formaður, Óli Halldórsson**

Húsavíkurmótið í handbolta

Hið árlega Húsavíkurmót í handbolta var haldið helgina 26-27 apríl. Mótið er nú hluti að Íslandsmótinu og er það 6.flokkur kvenna eldra ár sem hér á Húsavík. Vanalega er mótið frá föstudegi til sunnudags en vegna veðurs afboðuðu nokkur félög komu sína á síðustu stundu og því var mótið keyrt í gegn á tveimur dögum.

Hátt í 200 keppendur úr 25 liðum mættu í íþróttahöllina og spiluðu yfir 60 leiki og 841 mark var skorað. Það er því óhætt að segja að það hafi verið líf og fjör í íþróttahöllinni. Fastir liðir eins og fararstjóraleykur er eitthvað sem mótið má ekki vanta og stigu þar fram landsliðsmenn eins og til dæmis Bjarni Fritzson sem var þjálfari Akureyrarstúlkna. Einnig drógu gamlar handboltakempur fram skóna og má þar nefna Halla Har, Jónu Björg og fleiri góða.

Keppendur gistu í Borgarhólsskóla og í sal Framsýnar. Á hótelinu var svo borinn fram matur sem að Hrólfur hafði yfirumsjón með.

Völsungar sendu til leiks tvö lið, eitt fullgilt keppnislíð og annað gestalið. Þar voru margar stelpur að spila sína fyrstu handboltaleiki og var gaman að fylgjast með þeim inná vellinum. Áslaug Guðmunds og Jóna Björg Pálma þjálfuðu stelpurnar og gerðu það með þeim sóma sem við er að búast af þeim.



Fjöldamargir sjálfbóðaliðar koma að mótinu ár hvert og væri ógjörningur að halda mótið án þeirra. Fyrirtæki eins og Norðlenska, MS, Kaskó og Sparisjóðurinn lögðu sitt af mörkum til að mótið yrði sem glæsilegast og fá þessi fyrirtæki sem og önnur sem koma að mótinu bestu þakkir fyrir.

Húsavíkurmótið er bakbeinið í starfi handboltans hjá Völsungi. Fyrir utan það að leggja fjárhagslegan grunn fyrir deildina er mótið liður í því að halda Völsungi inná „handboltakortinu“ ef svo má að orði komast. Mótið er fastur liður í íþróttalífinu hér á Húsavík og er gaman að geta boðið uppá svo fjölmennt mót hér í bæ ár eftir ár.

**kveðja
Kjartan Páll Þórarinnsson, mótsstjóri Húsavíkurmóts 2013**

Boccia

Fréttir af starfi Bocciadeildar á liðnu starfsári 2013.

Þá er lokið enn einu starfsárinu hjá Bocciadeild Völsungs, eða því 24. frá stofnun, og því holt að rifja upp það helsta úr starfi deildarinnar á liðnu ári. Stjórn er óbreytt, reyndar eins og mörg liðin ár.

Æfingar og þjálfun voru með hefðbundnu sniði. Nokkur fjölgun er í hópi iðkenda og eru æfingar hjá fötluðum tvö kvöld í viku, en eldri borgarar tvo daga í viku. Aðalþjálfari er áfram Anna María Þórðardóttir, en aðrir stjórnarmenn aðstoða eftir þörfum. Mót og viðburðir nokkuð hefðbundið og deildin sendir keppendur á öll helstu mót sem voru í boði og haldin eru á vegum ÍF.

Fyrsta mót ársins var að venju Opna Húsavíkurmótið í Bocci sem var hið 24 frá upphafi, og var haldið 17. febrúar í Íþróttahöllinni. Húsavíkurmótið er orðið fastur liður í starfi Bocciadeildar Völsungs með góðum stuðningi Kiwanisklúbbsins Skjálfaða, sem annast alla dómgæslu, merkingu valla, og kemur að öllum undirbúningi mótsins. Mótinu stýrðu Bragi Sigurðsson og Kristín Magnúsdóttir úr stjórn Bocciadeildar.

Mótið tókst í alla staði afar vel, góð þátttaka eða í allt mættu til leiks 36 sveitir sem sýnir enn einu sinni að bæjarbúar og fyrirtæki eru tilbúin að styðja við bakið á Bocciadeildinni með þátttöku, en þetta er fjárflyun fyrir deildina í formi firmakeppni.

Úrslit:

1. sæti Félagarnir - Lopapeysu gæjarnir, Olgeir Heiðar og Hannes Rúnarsson.

Þeir hlutu ferð fyrir tvo Húsavík-Reykjavík-Húsavík með Flugfélaginu Ernir.

2. sæti Sveit frá Norðurþingi, Strákarnir á bæjó, Kristbjörn Óskarss. og Guðbjartur E Jónss.

Þeir hlutu gistingu fyrir tvo x 2 á einhverju Fosshótelanna kringum landið

3. sæti Sveit úr Bárðardal, Örfæbræður, Ásgrímur og Kristján frá Lækjavöllum.

Þeir hlutu tvo fulla sekkir með „bland í poka“ frá Ölgerðinni

Húsavíkurmeistararnir í Bocci 2013, Lopapeysu gæjarnir, Olgeir Heiðar og Hannes Rúnars. hlutu að launum glæsilegan farandbikar sem gefin var af Norðlenska ehf og var nú keppt um í annað sinn. Þá voru veitt sérstök verðlaun þeim fyrirtækjum sem voru „í flottasta búningunum“, fyrir „stærsta sigur í leik (13-0)“ og fyrir „stærsta tapið í leik (0-13).

Verðlaun öll voru glæsileg, og sýnir hug fyrirtækja til Bocciadeildarinnar og Kiwanis, og er þeim þakkað fyrir frábæran stuðning.

Mótið var afar skemmtilegt, mikil stemming, spenna og þurfti oft bráðabana til að útkljá leiki. Sumir leikir voru einnig landsleikir (Pólland-Ísland).

Glæsilegt mót með um 72 keppendur og gestir í íþróttahöllinni þegar mest var milli 150-170, frábær og skemmtilegur dagur.

Að loknu Bocciamóti hófst athöfn þar sem húsvískt íþróttafólk var heiðrað fyrir frammistöðu, ástundun og árangur á árinu 2012. Nefnd á vegum Skjálfaða " um val á Íþróttamanni Húsavíkur" annaðist afhendingu verðlauna, formaður nefndarinnar, Egill Olgeirsson ávarpaði viðstadda, íþróttafólkið og aðra gesti. Hann sagði m.a. frá undirbúningi og hvernig staðið er að vali íþróttafólks og kjöri "Íþróttamaður Húsavíkur" sagði hann m.a. að þetta væri í 17 skipti sem klúbburinn heiðrar afreksfólk í íþróttum og veitti þeim viðurkenningar með þeirri aðferð sem hér væri viðhöfð.

Í allt voru veittar 18 viðurkenningar til íþróttafólks í tólf íþróttagreinum auk sérstakra verðlauna í formi ferðastyrks frá Kiwanisklúbbnum til eftirtalda einstaklinga sem urðu í þrem efstu sætum í vali á Íþróttamanni Húsavíkur 2012.

Í 3.sæti urðu jöfn Auður Gauksdóttir, frjálsíþróttakona og Sigurður Unnar Hauksson, skotíþróttamaður

Í 2.sæti varð, Hrannar Björn Steingrímsson, knattspyrnumaður

Í 1.sæti og „Íþróttamaður Húsavíkur 2012“ varð Ásgeir Sigurgeirsson, knattspyrnumaður fyrir frábæran árangur á knattspyrnuvelliðnum bæði með meistaraflokki Völsungs og með U17 ára landsliði Íslands sem hann spilaði með á Norðurlandamóti í Færeyjum og í undankeppni EM 2013 á Möltu.

Einnig var afhentur "Hvatningabikar ÍF" sem bocciakonan Sylgja Rún Helgadóttir hlaut að þessu sinni. Bocciamenn ársins voru Kristbjörn Óskarsson í flokki 17 ára og eldri, en Rut Guðnýjardóttir í flokki 16 ára og yngri.

Þá var mætt með fjölmennum og frækjum liðum á öll önnur bocciamót á vegum ÍF og víðar s.s. Ísl.mót í Reykjavík í liðakeppni í mars, Íslandsmót í einstaklingskeppni á Sauðárkróki nú í október, að ógleymsdu Hængsmótinu á Akureyri um mánaðarmótin apríl-maí.

Norðurlandsmót átti að vera á Sauðárkróki nú í nóvember en var frestað til 7. desember n.k. og þangað verður farið með 5 liðum í flokki þroskaheftra og eitt lið í opnum flokki.

Árangur á mótum var nokkuð góður, þó ekki tækist að landa ísl. meistaratitlum þetta árið, en oftast áttum við keppendur í úrslitum.

Hápunktur ársins var frækin keppnisferð bocciá fólksins á Íslandsmótið í einstaklingskeppni á Sauðárkróki í október, keppendur voru 12 auk fjögurra fararstjóra. Farið var eins og oftast á mót á bíl frá Fjallsýn, og bílstjóri að venju var formaðurinn, Bragi Sigurðsson. Stuðningur fyrirtækja eins og Fjallsýn ehf er deildinni ómetanlegur. Okkar maður Ásgrímur Sigurðsson gerði sér lítið fyrir og hreppti silfrið í 3. deildinni.

Á fimmtudagskvöldið var öllum hópnum boðið í glæsilega 3 rétta veislu á Kaffi Krók í boði eigandans og húsvíkingsins Sigga Dodda sem er sérstakur vinur og velgjörðarmaður félaga í Bocciadeildinni. Sendum við honum og fjölskyldu bestu þakki fyrir ógleymanlegt kvöld og innilegar jólakveðjur. Mótið endaði svo á glæsilegu lokahófi í Miðgarði með skagfirskri sveiflu hljómsveitar Geirmundar Valtýssonar.



Hópurinn klár á lokahófið í Miðgarði og ballið hjá Geirmundi



Þreytt en glöð eftir góðan dag enda ekki annað hægt....komin í úrslit, C-sveit Völsungs á ísl. móti í Reykjavík



Allt klárt fyrir val á „Íþróttamanni Húsavíkur“

Verðlaunahafar á Opna Húsavíkurmótinu

Fjáröflun var með svipuðu sniði og undanfarin ár þ.e. eins og bæjarbúar hafa orðið var við síðustu vikur þegar félagar í Bocciadeildinni hafa bankað upp á eða verið við verslanir að selja jólakortin frá ÍF og fulltrúar deildarinnar boðið fólki til kaups hangikjöt frá Norðlenska. Þá er það árleg firmakeppni deildarinnar á Opna Húsavíkur-mótinu og sala veitinga í sjoppu á mótum og öðrum viðburðum hjá deildinni.

Að venju var aðalstyrktaraðili deildarinnar Kiwanisklúbburinn Skjálfandi, og eru fulltrúar hans í stjórninni.

Áætlun fyrir næsta starfsár gerir ráð fyrir svipaðri starfsemi og á liðnu ári, hvað varðar innra starf og þátttaka á mótum. Ein nýmæli eru þó á dagskrá nú í upphafi árs en þá er áformað að hefja æfingar í sértökum krakkahópi fyrir fatlaða.

Stefnt er að þátttöku á öll helstu mót ársins að venju, auk ísl.móta, Norðurlandsmót og Hængsmót á Akureyri, þá er í skoðun þátttaka á mótum erlendis og Landsmóti UMFÍ 50+ sem haldið verður hér í héraði næsta sumar.


Þegar er hafinn undirbúningur að Opna Húsavíkurmótinu í boccia sem er á dagskrá 16. febrúar n.k., en að því kemur Kiwanisklúbburinn Skjálfandi með deildinni að venju.

Liðið starfsár var gott, starfsemi kröftug, iðkendur stunduðu æfingar vel og árangur í starfi og keppni var mjög viðunandi. Stjórn heldur reglulega stjórnarfundum s.s. í upphafi árs, fyrir öll mót og viðburði og í aðdraganda allra ferða á mót til að skipuleggja þær og tryggja að kostnaður haldist innan marka.

Vill Boccideild Völsungs um leið og þakkað er fyrir liðið ár koma á framfæri bestu kveðjum og þökkum til allra sem stutt hafa deildina dyggilega á liðnu starfsári.

**Gleðileg jól, og farsælt komandi ár.
f.h. Bocciadeild ÍFV/Egill Olgeirsson**

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
Megi framtíðin vera björt.
Þökkum liðnu árin.



Hóll ehf
Höfða 11 - 640 Húsavík
Sími/Fax: 464 2200
e-Mail: holl.ehf@simnet.is
Kt. 620788-1559 - Vsk.nr. 01161
VINNUVÉLAR • VERKTAKAR

Fimleikar

Frekar rólegt hefur verið yfir fimleikadeildinni síðastliðið ár. Ljóst er að á undanföllum árum hefur gapið á milli fimleikadeilda á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni aukist getulega séð. Gerðar eru meiri kröfur til keppenda og staðan er sú að mörg félög utan af landi sjá sér ekki fært að senda iðkendur á mót. Eitthvað er Fimleikasambandið að koma til móts við landsbyggðina svo litlu félögin leggist ekki af. Fleiri mót eru í boði á þessu tímabili, þannig að betur horfist á en gerði fyrir landsbyggðina. Fyrir utan föstu liðina í æfingaáætluninni s.s. jóla- og vorsýningarnar var farið með einn hóp til Egilsstaða síðastliðið vor á keppni í hópfimleikum. Þjálfarar í vetur eru Elma Rún Þráinsdóttir sem tók að sér yfirþjálfarastöðuna, Þóra Kristín, Sigrún Lilja og Katla Dröfn Sigurðardætur ásamt þeim Huld Grímsdóttur og Halldóru Þorvaldsdóttur.



Eins og áður hefur verið sagt frá buðum við upp á ferð í fimleikabúðir í Ollerup í Danmörku á síðasta ári. Orðspor þeirrar ferðar var þannig að núna er næsti hópur á leiðinni út sumarið 2014.

Allar fjáraflanir sem eru á vegum deildarinnar fram að þeirri ferð er í höndum þessa hóps og safnar hann með því í ferðasjóð.

Jólaþorpið er í okkar höndum og eftir ágætt gengi 2012 endurtókum við leikinn núna 2013. Söluaðilar 2012 voru átta, en í ár voru þeir nítján. Við erum mjög ánægðar með aukninguna og vonum að jólaþorpið sé komið til að vera.

Í stjórn sitja Emilía Aðalsteinsdóttir formaður, Guðrún Kristinsdóttir, Ingibjörg Kristín Steinbergsdóttir, Kristjana Ríkey Magnúsdóttir og Helga Puríður Árnadóttir.

Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða.



Lagnatak ehf
Garðarsbraut 20b, 640 Húsavík

Mannvit
óskar Þingeyingum
gleðilegra jóla
og farsæls
komandi
árs.



MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA
GARÐARSBRAUT 5

Grímur vélsmiðja
óskar öllum Völsun-
gum nær og fjær
gleðilegra jóla.



Grímur e.h.f.
VÉLSMIÐJA
Garðarsbraut 48 • 640 Húsavík
Kennitala 560390-1309 • Vsk.nr. 22806
Sími 464 1055 • Fax 464 2055

Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



Samkaup úrval

Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Óskum Húsvíkingum
og Þingeyingum nær
og fjær gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.



NORÐLENSKA

Óskum viðskiptavinum okkar



*og Völsungum öllum
gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári.*



*Takk fyrir árið
sem er að líða.*



Úddi ehf.

óskar Húsvíkingum og Þingeyingum öllum
gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum söguhornsgestum
samveruna á liðnu ári.

Axel og Trausti.



Óskum öllum Völsungum til sjávar
og sveita gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnu ári.



**ORKUVEITA
HÚSAVÍKUR**



Gleðileg jól

og farsælt komandi ár.

Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Húsvíkingar - Þingeyingar

Óskum ykkur gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða.



Mótorsport



Þetta er fyrsta heila starfsár deildarinnar, nokkuð hefur verið gert þó að ekki sé mikið af því sjáanlegt enn. Rétt er þó að fara yfir árið og segja aðeins frá því sem hefur verið að gerast.

Hjólamenn voru virkir í vetur, nagladekk voru sett undir

og Botnsvatnið var aðal samkomustaður okkar. Við fengum starfsmenn Norðurþings með okkur í lið og vegurinn var ruddur svo menn gætu hist og hjólað og viljum við þakka Norðurþingi fyrir þá aðstoð. Veturinn er almennt skemmtilegur hjólatími og hægt er að nota hjólin nær alla mánuði ársins. Eitt mót var haldið á Mývatni í vetur og tóku nokkrir félagsmenn þátt í því.

Þegar tók að vora fóru menn að spá í hvað skildi gera, brautarsvæðið þarfnast mikillar vinnu og mikið hefur verið spáð í uppbyggingu þar. Sú uppbygging er komin langt í skipulaginu en enn er verið að safna fjármagni til að koma því almennilega af stað. Talað hefur verið við Norðurþing um stækkun svæðisins og frekara skipulag. Vel hefur verið tekið í okkar hugmyndir og ekki ólíklegt að framkvæmdir byrji á vordögum. Verkið verður unnið í skrefum og vonandi verður hluti svæðisins tekin í notkun næsta sumar.

Brautarsvæðið var þó notað í sumar í núverandi mynd. Svæðinu var komið í nothæft ástand og var því hjólað á því í sumar þrátt fyrir að vera aðeins hálfklárað.

Búið er að ræða við hjólmenn af öðrum stöðum á landinu til að fá hugmyndir að breytingum og erum við komnir með vel mótaða hugmynd um hvernig okkar draumasvæði á að líta út. Lögleg keppnisbraut, enduro æfingasvæði og braut fyrir yngri félagsmenn eru inn í þeim hugmyndum sem við höfum, og stefnum á að koma þeim í gagnið á næstu árum. Einnig er gott að fá ráðleggingar frá öðrum klúbbum um hvernig best er að standa að uppbyggingu, því mörg góð svæði eru á landinu og margir færir einstaklingar hafa unnið með okkur og deilt sínum hugmyndum.

Í vetur stefnum við svo á að fullmóta okkar hugmyndir, hnýta alla lausa enda og stefna að því að hefjist handa með vorinu.

Einnig hvetjum við þá sem hafa áhuga á hjólasportinu að hafa samband við okkur, við viljum hafa sem flesta með okkur og opna á jákvæða umræðu varðandi sportið, vinna með sem flestum og hafa þetta fastan punkt í starfi Völsungs.




Mótorsportdeild Völsungs
Aðalgeir Sævar Óskarsson
Baldur Friðberg Björnsson
Fannar Helgi Þorvaldsson

Flugfélagið Ernir
óskar Völsungum
gleðilegra jóla
og heillaríks komandi árs



Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.





HÖFÐAVÉLAR ehf.

Völsungs-
húfurnar
fást í Tákni




VERSLUNIN
TÁKN


Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Þökkum Húsvíkingum sem
og öðrum viðskiptin á
liðnum árum.



Ragnar R.



Starfsfólk ÍSNET
óskar öllum gleðilegra
jóla og farsældar
á komandi ári.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Verslunin Snældan
óskar Völsungum og öllum
öðrum gleði og gæfu með
von um gott gengi
í framtíðinni



Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu.



Skorum með
þrumuskotum
á nýju ári.



Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þakka viðskiptin
á liðnum árum.



GRÉTA BJÖRGVINSDÓTTIR
LÖGGILTUR SJÚKRANUDDARI

Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þakka frábærar
móttökur í verktakabransanum



SIG ILLUGASON
MÁLARAMEISTARI
Sími 894 2707

Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Helga Björk

Óskum
viðskiptavinum okkar
gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin
á árinu.



Óskum bæjarbúum
gleðilegra jóla og
farsæls komandi árs
með þökkum fyrir
viðskiptin á árinu.



Bókaverslun
Pórarins



Óskum Húsvíkingum og
Þingeyingum gleðilegra
jóla og farsæls
komandi árs.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



Sel-Hótel Mývatn
óskar öllum gleðilegra jóla
og þakkar allt gott á liðnu ári





VÍS óskar landsmönnum gleðilegra jóla

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Í FRÍÐI OG RÓ

Um leið og við þökkum viðskiptavinum okkar samfylgdina á árinu óskum við öllum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar

á komandi ári. Sýnum alúð og aðgát um hátíðirnar og pössum vel hvert upp á annað.
VÍS - þar sem tryggingar snúast um fólk.

VÍS | GARÐARSBRAUT 26 | 640 HÚSAVÍK | SÍMI 560 5065 | VIS.IS

vís